



Það var margt um manninn í Árbæjarsafni í gær. Þar var skorið laufbrauð, spunnið og þrjónað. Um allt var ilmur af hangiketi sem sauð í stórum potti. Þá sló fyrir vitin sterkum ilmi af kæstri skötu sem mallaði í einu húsanna í safninu. Jafnframt var í safninu sýnt hvernig jólahald heldra fólks fór fram á upphafsárum tuttugustu aldar. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Skoða metanvæðingu vagna Strætó

SAMGÖNGUR Strætó bs. skoðar nú fýsileika þess að metanvæða hluta af bílaflota fyrirtækisins. Markmiðið er að nýta mikla umframframleiðslu Sorpu bs. á gastegundinni. Í dag er kveikt í umtalsverðum hluta framleiðslunnar en þrátt fyrir það mun metanframleiðsla Sorpu tæplega tvöfaldast þegar ný gas- og jarðgerðarstöð fyrirtækisins verður tekin í notkun á næsta ári.

Nýlega festi Strætó kaup á tveimur metanvögnum fyrir rúmlega 70 milljónir króna. Annar þeirra var tekin í notkun í byrjun septem-

ber og hefur reynslan af akstrinum verið góð.

Til skoðunar er að fjölga metanvögnum upp í allt að tuttugu en til þess þarf að ráðast í talsverðar framkvæmdir. Leggja þarf eins kílómetra gasleiðslu frá Bildshöfða, þar sem aðstaða er til áfyllingar á metani, að höfuðstöðvum Strætó bs. við Hesthál. Jóhannes Svavar Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó, segir að það sé mikill ókostur að þurfa að fara út fyrir höfuðstöðvarnar til að fylla á vagnana eins og nauðsynlegt sé í dag.



Jóhannes Svavar Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó bs.

Veitur hf. munu standa straum af framkvæmd lagningarinnar. Niðurstöður frumathugunar og arðsemigreiningar liggja fyrir hjá fyrirtækinu en hafa ekki enn verið gerðar opinberar þar sem tölurnar munu liggja til grundvallar útboðs ef af verður. Í greiningunni er gert ráð fyrir að Strætó skuldbindi sig til þess að kaupa ákveðið magn af gasinu.

Eflögnin verður að veruleika þar Strætó að fjárfesta í öflugum áfyllingarbúnaði á gasinu. Tíðinda er að vænta á nýju ári. – bp / sjá síðu 4

Þingkona flúði myglaða íbúð

SAMFÉLAG Halldóra Mogensen, hefur verið í húsnæðishrakningum undanfarinn mánuð eftir að mygla fannst í leiguíbúð hennar.

– bp / sjá síðu 6

Íslendingurinn kvaddi á árinu

TÍMAMÓT Loftur Jóhannesson, flugmaður og meintur vopnasali, hefði fagnað 89 ára afmæli sínu í dag. Hann féll frá í janúarlök á þessu ári eftir ævintýrlegan en að sama skapi umdeildan feril, ef marka má umfjallanir erlendra fjölmiðla. Meðal annars er Loftur sagður hafa átt í nánú samstarfi við austur-þýsku leyniþjónustuna Stasi um vopnasölu víða um heim. Þar gekk var hann þekktur undir viðurnefninu „Íslendingurinn“.

Hann var sagður hafa augðast mjög á Bíafrá-stríðinu á árum áður og meðal alræmdustu viðskipta hans var sala á tylft skriðdreka til ríkisstjórnar Sadam Husseins í Írak. Jafnframt var hann talinn meðal auðugustu Íslendinganna.

– bp / sjá síðu 22

Ketkrökur kom til byggða



LENGRI OPNUNARTÍMI Í NETTÓ

OPIÐ Í ÖLLUM NETTÓ VERSLUNUM TIL 23 Í KVÖLD

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í NETTÓ GRANDA OG MJÓDD

nettó
í jólasöpi

Glæsileiki

ROLEX TUDOR

TAG Heuer LONGINES

NOMOS GLASHÜTTE TISSOT

MICHELSEN 1909

Hafnartorg · 511 1900 · michelsen.is


HJÁLP! Það er Þorláksmessa og ég veit ekki hvað ég á að gefa pabba mínum!

Engar áhyggjur, við hjálpum þér!

NEYBÁR PAKKATAKKINN!

OPIÐ TIL KL. 23

Veður



Norðaustanátt, víða 10-18 m/s en lægir. Snjócoma eða él norðaustan til og við norðvesturströndina. Bjart með köflum og yfirleitt þurr um landið sunnanvert. **SJÁ SÍÐU 30**



Frá urðunarstað Sorpu í Álfsnesi.

Skýrsla um Sorpu nokkuð á eftir áætlun

REYKJAVÍK Skýrsla sú sem unnið er að á vegum innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar er enn óútkomin þrátt fyrir að áætlað hafi verið að hún yrði tilbúin 5. desember síðastliðinn.

Á stjórnarfundum í Sorpu undir lok september var samþykkt að óskað yrði eftir úttekt innri endurskoðunar borgarinnar á starfsemi Sorpu.

Tílefnid var að bygging gas- og jarðgerðarstöðvar Sorpu í Álfsnesi fyrir 1,4 milljarða framúr áætlun sem og kostnaður vegna tækjabúnaðar í stækkun móttökustöðvar í Gufunesi.

Bókað var á stjórnarfundinum að innri endurskoðun athugi sérstaklega stjórnarhætti fyrirtækisins, einkum með tilliti til þess að mistök af þessu tagi hafi alvarleg áhrif á sjóðstreymi félagsins og fjárfstýringu. Jafnframt var í bókuninni tilgreint að athuga eigi þær úttektir sem áður hafi verið gerðar á Sorpu.

Í skriflegu svari Halls Simonarsonar, innri endurskoðanda Reykjavíkurborgar, staðfestir hann við Fréttablaðið að unnið sé nú að skoðun á málefnum sem varða Sorpu í samræmi við beiðni stjórnar félagsins og að unnið sé samkvæmt áætlun sem kynnt var og samþykkt á fundi stjórnar þann 27. september.

Jafnframt kemur fram í svarinu að úttektin hafi tekið lengri tíma en áætlað var í upphafi. Verkið sé þó í lokafasa. Ekki kom fram hvenær áformað er nú að því ljúki. –jp

Gyðingar á Íslandi fögnuðu ljósahátíð



Gyðingar á Íslandi fögnuðu í gær upphafi Hanukkah, Ljósahátíðarinnar, þar sem þess er minnst Jerúsalem var frelsuð undan Sýrlendingum og ljósið í musterinu fór aftur að loga. Avi Feldman, fyrsti rabbíni gyðinga hérlendis, stýrði viðburði í miðbæ Reykjavíkur af því tilefni. Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, var viðstaddur athöfnina. Hátíðin, sem stendur í 8 daga, er gyðingum mikil gleðihátíð. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Rafeindavirki er dúxinn í Tækniskólanum

MENNTAMÁL Auður Þórunn Rögnvaldsdóttir er dúx Tækniskólans af rafeindavirkjabraut. Áður en Auður lauk námi í rafeindavirkjun hafði hún lokið hugbúnaðarverkfræði frá Danska tækniháskólanum DTU og stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík.

Auður Þórunn segir að hana hafi alltaf langaði að kunna að smíða rafeindarásir en ekki bara teikna þær. Lokaverkefni hennar, steríó-magnari og fjarstýring fyrir magnarann, er stofustáss sem Auður smíðaði og notar heima hjá sér til að spila tónlist.

Auður stefnir nú á nám í kennslufræði til að hefja strax í vor störf sem kennari við rafeindavirkjudeild Tækniskólans.

Alls útskrifuðust 275 nemendur frá Tækniskólanum í síðustu viku. Komu þeir af af 49 námsbrautum og var yngsti nemandinn 17 ára en sá elsti 61 árs. – ds

Krakkar fá tvö tonn af kartöflum í skóinn

Íslandsstofa hefur loks gefið út allar helstu tölur sem tengjast jólasveinunum. Hún áætlar að þrjú prósent íslenskra barna séu svo óþæg að þau fái kartöflu í skóinn og segir íslensku sveinana vera mun duglegri en hina erlendu.

JÓLAHÁTÍÐ Greiningardeild Íslandsstofu hefur rannsakað gögn yfir störf íslensku jólasveinanna og áætlar að íslensk börn fái tvö tonn af kartöflum í skóinn fyrir þessi jól og tæp fimm tonn af mandarínnum. Samkvæmt frétt á vef Íslandsstofu eru íslensku jólasveinarnir mun duglegri en kollegar þeirra í öðrum löndum.

Samkvæmt greiningardeildinni þurfa jólasveinarnir að gefa gjafir í 45.500 skó á hverri nóttu og að það taki þá ekki nema átta klukkustundir. Jólasveinarnir gefa því hvorki meira né minna 591.500 gjafir þessar þrettán nætur sem þeir vinna.

Niðurstöðurnar gera ráð fyrir að þrjú prósent íslenskra barna séu óþekk og því neyðist sveinarnir til að gefa tvö tonn af kartöflum í skóinn. Það er þó ekki mikið miðað við þau 4,8 tonn af mandarínnum sem fara í skó íslenskra barna árlega.

Kertasníkir er langvinsælastur Greiningardeildin telur þessar tölur, og þá staðreynd að vinnudagar þeirra eru mun fleiri en vinnudagar erlendra jólasveina, sýna svo ekki verði um villst að þeir eru þeir allra duglegustu í heimi. Þeir eru einnig einstaklega gjafmildir því að þeir munu gefa gjafir fyrir tæplega þrjú hundruð milljónir á þessu ári.

Fréttablaðið hefur áður sagt frá því að kannanafyrirtækið MMR hafi skoðað vinsældir jólasveinanna þrettán. Eitt þúsund Íslendingar átján ára og eldri voru spurðir.

MMR segir að Kertasníkir sé sá vinsælasti, en að á hæla hans komi Stúfur. Aftur á móti eru Askasleikir, Þvörusleikir og Pottaskefill þeir óvinsælastu. Þannig virðist þjóðin



Íslandsstofa segir jólasveina hrifna af mandarínnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

» Á átta klukkustundum gefa jólasveinarnir gjafir í 45.500 skó á hverri nóttu. Alls áætlar Íslandsstofa að þrjú prósent íslenskra barna séu óþekk.

ekki kippa sér mikið upp við þjófóttu jólasveinana, en óvinsælastir eru þeir sem hafa tamið sér þann ósìð að sleikja óhrein matarílát. En hvort þeir neyðist oftast en Kertasníkir og Stúfur, til þess að setja kartöflur í skó barnanna kemur

ekki fram í niðurstöðum MMR.

Enginn er alltaf góður Í fyrria ritaði Hrund Þrándardóttir sálfræðingur hjá Sálstofunni mikilvægt opið bréf til jólasveinanna. Hún minnti þar á að enginn sé 100 prósent góður allan daginn, hvorki börn né fullorðnir. Þó það sé oft sagt að börn þurfi að vera góð til að fá í skóinn þá þurfi viðmið um hver eru „góð“ og hvenær þau eigi að vera góð að vera mjög skýr. Þá sé einnig mjög mikilvægt að gæta jafnræðis við val á gjöfum, því börnin beri oft saman gjafirnar sem þau fá frá jólasveinunum. gudjoningi@frettabladid.is

Alltaf nóg til af humri hjá Norðanfiski...

STÓRUM HUMRI!!

Hafið samband á nordanfiskur@nordanfiskur.is eða í síma 430 1700

Norðanfiskur ehf. sérhæfir sig í framleiðslu á úrvals sjávarfangi til veitinga- og stóreldhúsa.

Einnig má finna vörur Norðanfisks í neytendapakningum í verslunum Bónus um land allt.

nordanfiskur

KRÓNAN



OPIÐ

Í DAG, ÞORLÁKSMESSU

9-22

OPIÐ 9-20 á Hvolsvelli,
Reyðarfirði, Vestmannaeyjum
og Þorlákshöfn.

OPIÐ
AÐFANGADAG
9-15



Afgreiðslutímar á www.kronan.is



FRÉTTABLAÐID IS

1 Munu ræða hvort Harry og Meghan verði svipt titlum sínum Borgarráð Brighton & Hove mun ræða tillögu þess efnis að hertogahjónin Harry og Meghan Markle verði svipt titlum sínum sem hertogahjónin af Sussex.

2 Viðvörðunarbjóllur hringja á jólum Fíkniefnið Spice hefur gert vart við sig meðal hópa ungmenna í öllum hverfum.

3 Þvo háir með vatni úr kaffivélinni Hárgreiðslustofur í vesturhluta borgarinnar hafa notast við mismunandi leiðir við hárvott í heitavatsleysinu í dag.

Allar nýjustu fréttir og blað dagsins eru fánleg á www.frettabladid.is



Októberfest í desember. Allavega í Vestmannaeyjum fyrir áhugasama.

Partýpinnar á Þorláksmessu

SAMFÉLAG Bæjarráð Vestmannaeyja hefur tekið fyrir ósk Lundans, skemmtistaðar í bænum, um lengdan opnunartíma í dag, Þorláksmessu. Lundinn sótti um að fá að hafa opið til þrjú í nótt og til klukkan fjögur aðfaranótt 27. desember. Þá sóttu forsvarsmenn skemmtistaðarinnar um að áramótafögnuðurinn myndi fá að standa til kl. 06.00.

Bæjarráðið veitti góðfúslegt leyfi að því gefnu að farið sé að skilyrðum sýslumanns um slíkt áfengisleyfi og með fyrirvara um jákvæða umsögn hlutadeigandi eftirlitsaðila.

Þá er umsóknin háð ríkri kröfu um frágang og snyrtimennsku og áskilur bæjarráð sér rétt til að láta þrifa umhverfi skemmtistaðarinnar á kostnað rekstraraðila ef þörf krefur. –bb

Vona að allir geti haldið rafmögnum og gleðileg jól

SAMFÉLAG Kerfi RARIK er háð bráðabirgðaviðgerðum eftir skemmdirnar sem urðu í hamfaraveðrinu nýlega. Það er því viðkvæmt og berskjaldað eins og er en hefur þó haldið í því illviðri sem í gær gekk yfir Norður- og Austurland. RARIK er í viðbragðsstöðu en fyrirtækið vonast til að fara inn í jólin á rólegri nótum þegar óveðrið er gengið yfir.

„Það má segja að kerfið sé hálf-laskað núna og því er það viðkvæmara fyrir slæmu veðri á

» Kerfi RARIK er viðkvæmt og berskjaldað eftir illviðri undanfarið.

sumum stöðum,“ segir Helga Jóhannsdóttir, formaður neyðarstjórnar RARIK. Gular veðurviðvaranir voru í gildi á öllu Norður- og Austurlandi í gær, þeim landshlutum sem urðu verst úti nýlega þegar skemmdir urðu á

kerfi RARIK. Mörg heimili voru þá rafmagnslaus í nokkra daga. Slæm ísingarveðurspá var í fyrri nótt en kerfið stóðst þá áraun. Engar skemmdir hafa orðið á bráðabirgðaviðgerðunum, sem gerðar voru eftir síðasta storm, í þeim sem í gær gekk yfir. „Við erum búin að vera að berjast við afleiðingarnar af þessu veðri alveg síðan það varð,“ segir hún.

„Það hafa verið dálitlar truflanir á ákveðnum svæðum og við erum búin að vera á fullu að bregðast við þeim. Viðskiptavinirnir hafa því

þurft að sýna okkur þolinmæði,“ heldur Helga áfram.

„Ekkert hefur komið upp á núna á meðan þessar viðvaranir eru í gildi. Við fylgjumst vel með og fyrirtækið er enn á hæsta viðbúnaðarstigi,“ segir Helga. „En við tókum stöðuna þegar veðrið hefur gengið yfir og vonumst til að geta flautað viðbúnaðarstig af og farið inn í jólin aðeins rólegri. Við vonum bara að bæði við og viðskiptavinir okkar getum haldið gleðileg jól með rafmagni.“ ottar@frettabladid.is

Strætó íhugar metanvæðingu

Kannaður er fýsileiki þess að fjölga metanvögnum hjá Strætó bs. Rykið verði dustað af hugmynd um að leggja sérstaka metanlögn að bækistöð fyrirtækisins. Nýlega fjárfesti Strætó í tveimur metanvögnum.

SAMGÖNGUR Sorpa bs. hefur framleitt metan sem eldsneyti frá árinu 2000 og í dag er hægt að kaupa gasið á fimm stöðum á landinu, fjórum á höfuðborgarsvæðinu og einum á Akureyri. Fyrirtækið framleiðir um 3,5 milljónir normalrúmmetra af gasinu en aðeins 60% af því er nýtt, eins og komið hefur fram í fjölmörgum. Afgangurinn er brenndur.

Næsta vor er ráðgert að Sorpa bs. stórauki metanframleiðslu sína þegar ný gas- og jarðgerðarstöð, sem kostar um 4,5 milljarða króna, verður tekin í notkun. Alls fer metanframleiðslan úr 3,5 milljónum normalrúmmetra í 6,5 milljónir.

Sorpa bs. er í eigu sveitarfélaganna sex á höfuðborgarsvæðinu og því er ákveðin þrýstingur á þau að auka notkun sína á metani. Eins og Fréttablaðið greindi frá á dögnum sendi framkvæmdastjóri Sorpu áskorun til allra sveitarfélaganna og undirstofnana þeirra að þau kanni þann möguleika að fjölga faratækjum í sinni eigu sem gangi fyrir metani. Viðtökur þeirra sem hafa svarað, Kópavogsbæjar og Slökkviliðisins á höfuðborgarsvæðinu, hafa verið heldur dræmar.

Nú er því í skoðun að Strætó bs. stórauki notkun sína á metani. Hugmyndir eru um að fyrirtækið fjárfesti í allt að 20 metanbílum. Fyrirtækið keypti tvo metanbíla árið 2005 en reynslan af þeim var ekki góð. Ný og betri tækni hefur þó síðan litið dagsins ljós og í september keypti fyrirtækið sinn þriðja metanvagn af gerðinni Scania Citywide.

Billinn var notaður og var kaupverðið 31 milljón króna. Sá fjórði verður síðan tekinn í notkun í byrjun næsta árs en áætlað kaupverð hans er 41 milljón króna. Verðmunurinn helgast af því að sá



Til skoðunar er að leggja eins kílómetra langa metanlögn að höfuðstöðvum Strætó. FRÉTTABLAÐID/SIGTRYGGUR ARI

nýjasti er mun minna ekinn. „Þessi bíll sem við fengum í september hefur reynst mjög vel. Hann hefur verið í fullri notkun undanfarið og þykir góður í akstri,“ segir Jóhannes Svavar Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó bs.

Til þess að fjölga metanbílum Strætó þarf að leggja eins kílómetra metanlögn frá Bildshöfða og að höfuðstöðvum Strætó á Hesthálsi sem og að fjárfesta í betri áfyllibúnaði. „Þetta er framlenging á lögn sem liggur frá Álfsnesi. Það hefur verið ókostur að þurfa að fara út fyrir

» Þessi bíll sem við fengum í september hefur reynst mjög vel. Hann hefur verið í fullri notkun undanfarið og þykir góður í akstri.

Jóhannes S. Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó bs.



höfuðstöðvarnar til þess að fylla bílana,“ segir Jóhannes Svavar.

Veitur hf. munu standa straum af framkvæmdinni. Niðurstöður frumathugunar og arðsemisgreiningar liggja fyrir. Samkvæmt Ólöfu Snæhólm Baldursdóttur, upplýsingafulltrúa fyrirtækisins, verða tölurnar þó ekki gefnar út opinberlega þar sem þær verða nýttar í útboði ef til þess kemur. „Það er gert ráð fyrir að Strætó skuldbindi sig til þess að kaupa ákveðið lágmarksmagn,“ segir Jóhannes Svavar. bjornth@frettabladid.is

TRYGGÐU ÞÉR NÝJAN RAM FYRIR ÁRAMÓT

EIGUM TIL AFGREIÐSLU STRAX CREW CAB BIG HORN, LARAMIE, SPORT OG LIMITED ÚTFÆRSLUR. EINNIG MEGA CAB Í LARAMIE OG LIMITED ÚTFÆRSLUM. BJÓÐUM UPP Á 35", 37" OG 40" BREYTINGAR

RAM 3500 VERÐ FRÁ: 6.987.745 KR. ÁN VSK.
RAM 3500 VERÐ FRÁ: 8.640.000 KR. M/VSK.



40" BREYTTUR MEGA CAB



UMBODSAÐILI RAM TRUCKS Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR S. 534 4433 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16





TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY



Sporlaus á nýjum Hybrid

Akstur allra nýrra Hybrid bíla frá viðurkenndum söluaðilum Toyota á Íslandi, seldum frá og með 1. janúar 2019, er núna kolefnisjafnaður að fullu í samstarfi við Kolvið. Njóttu þess að aka sporlaust á Hybrid, án þess að skilja eftir svo mikið sem eitt kolefnisspor á leiðinni.



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19

Toyota Selfossi
Fossnesi 14



Árborg hafnar jólasveinamynd

SAMFÉLAG Bæjarráð Árborgar hefur hafnað styrkbeiðni frá SEK production upp á sjö milljónir króna. Fyrirtækið stefnir á að gera leikna mynd sem byggir á ljóðum Jóhannesar úr Kötlum um íslensku jólasveinana í bók hans Jólnin koma. Fyrirtækið er í eigu þeirra sem gerðu þættina Óminni.

Fyrirtækið er í eigu Eyþórs Gunnlaugssonar, Kristjáns Ernís Björgvinssonar og Sólrúnar Freyju Sen. Í kynningu frá fyrirtækinu til Árborgar segir að myndin eigi að gerast á sveitabæ í Laxárdal í Dölum, rétt fyrir jólahátíðina upp úr aldamótunum 1900. Frá bænnum er ófært á meðan jólasveinarnir koma hver af öðrum og herja á bæinn, ræna mat og hræða heimilisfólkið. Ein sögupersónan í kvikmyndinni er litill drengur og hugmyndin er sú að sá litli drengur sé Jóhannes úr Kötlum sem hafi svo skrifað ljóðin um jólasveinana þegar hann varð eldri, út frá reynslu sinni af þessum vetri.

Í sögunni er jólasveinunum stillt upp sem síðustu tröllunum, en þau



Ketkrókur kom til byggða í dag, á Þorláksmessu. FRÉTTABLAÐID/PJETUR

höfðu búið í aldaradri á Íslandi fyrir landnám. Með yfirgangi manna hafa þau grafið sig ofan í fjöllin og týnst að eilífu.

Markmið kvikmyndarinnar er að kynna Íslendingum sögunnar sem ljóðin segja, á myndformi, til að efla þekkingu á íslenski menningararfleifð og jólahæfðum. – bb

Peningaþvættisvarnir allra íslensku viðskiptabankanna ófullnægjandi

VIÐSKIPTI Fjármálaeftirlitið hefur gert athugasemdir við peningaþvættisvarnir allra íslensku viðskiptabankanna. Þetta kemur fram í niðurstöðum athugana eftirlitsins á peningaþvættisvörnum bankanna sem greint hefur verið frá á vef Fjármálaeftirlitsins.

Í niðurstöðunum er gerð athugasemd við mat bankanna á upplýsingum um raunverulega eigendur fjármuna eða félaga sem eru í viðskiptum við þá. Að mati eftirlitsins hafa bankarnir ekki metið upplýsingar um raunverulega eigendur með sjálfstæðum hætti.

Niðurstöður athugunarinnar á Arion banka lágu fyrst fyrir og voru þær birtar í maí á þessu ári en niðurstöður vegna athugunar á hinum þremur bönkunum voru ekki birtar fyrr en síðastliðinn föstudag. Athugun eftirlitsins á Landsbankanum lauk í október en á Kviku banka og Íslandsbanka núna í þessum mánuði.

» Í niðurstöðunum er gerð athugasemd við mat bankanna á upplýsingum um raunverulega eigendur fjármuna eða félaga sem eru í viðskiptum við þá.

Athugasemdir voru gerðar við peningaþvættisvarnir allra bankanna, Arion banka, Landsbankans, Íslandsbanka og Kviku. Enginn þeirra gat sýnt fram á að hafa uppfyllt lög um að meta með sjálfstæðum hætti hvort upplýsingar um raunverulega eigendur viðskiptavina þeirra væru réttar og fullnægjandi.

Fjármálaeftirlitið réðst í athuganirnar í kjölfar þess að alþjóðlegur vinnuhópur gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, FATF, skilaði úttekt á frammistöðu Íslands, sem var talin mjög slæm.

Ísland var svo sett á gráan lista í október á þessu ári fyrir að bregðast ekki nægilega vel við athugasemduunum. Lenti landið því á listanum ásamt Mongólíu og Símbabve, sem einnig voru ný á honum.

Í umfjöllun Fréttablaðsins um málið kom fram að of snemmt væri að fullyrða um hver skaðinn væri en ljóst að um orðsporshnekkni væri að ræða fyrir Ísland. Í samtali við blaðið þann 17. október, sagði Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra að dvöl Íslands á listanum yrði stutt ef til hennar kæmi.

Í niðurstöðum eftirlitsins um Íslandsbanka kemur fram að bankinn hafi þegar gripið til úrbóta. Kvika banki hóf einnig innleiðingu á nýju kerfi þegar athuginin fór fram en samt var það niðurstæða eftirlitsins að á vantaði að uppfæra reglulega upplýsingar um viðskiptamenn bankans. Fyrir innleiðingu nýja kerfisins voru athugasemdirnar alvarlegri. – okp

Dansk julegudstjeneste

holdes i domkirken tirsdag den 24. december kl. 15.00 ved pastor Ragnheiður Jónsdóttir.

Alle velkomne.

Danmarks Ambassade

GLEÐILEG GRÆJUJÓL



XIAOMI M365 HLAUPAHJÓL X1003 X1004 **55.196**



FREEGO HYPER MASSAGE PRO 2 NUDDBYSSA HMP2GOL-BLA-RED **19.995**



BOSE NC700 ÞRÁÐLAUS HEYRNARTÓL 7942970100-300-400 **52.895**



CHILLY'S FJÖLNOTA FLÖSKUR **2.995**



AARKE CARBONATOR II GOSÐÆLA AA01C2 **29.995**



PHILIPS HUE E27 STARTPAKKI HUEWCAMBISETT **19.995**

ELKO



Fjölskylda Halldóru Mogensen hraktist úr leiguíbúð sinni í desember vegna mygluskemmda. FRÉTTABLAÐID/EYÞÓR

Heimilishrakningar leystust með kærleika

Halldóra Mogensen hefur verið á húsnaðishrakhólum allan desembermánuð eftir að mygla uppgötvaðist í leiguíbúð hennar. Hún segir að reynslan hafi sýnt henni að réttindum leigjenda í slíkum aðstæðum er verulega ábótavant.

SAMFÉLAG Halldóra Mogensen, þingkona Pírata, hefur verið á leigumarkaði undanfarin ár. Í nóvember fór að bera á veikindum hjá dóttur hennar sem meðal annars lýstu sér í slæmu exemi. „Íbúðin hafði nýlega verið máluð og því leiddi maður ekki hugann að því að mygla gæti orsakað veikindin. Það reyndist þó raunin eftir að sérfræðingar frá Eflu komu og tóku íbúðina út,“ segir Halldóra.

Hún hafi því tekið þá ákvörðun að yfirgefa íbúðina með heilsu dóttur sinnar í huga. „Það er ekki léttvæg ákvörðun að gera slíkt rétt fyrir jól en heilsa fjölskyldumeðlima skiptir auðvitað öllu máli,“ segir Halldóra. Ásamt manni sínum og dóttur hefur Halldóra því þurft að gista hjá ættingjum og vinum undanfarin vikur sem hefur síður en svo verið þægilegt. „Sem betur fer eigum við góða að. Við dvöldum hjá móður minni um tíma og í bílskúr frænku minnar í einhverja

daga. Þetta er vissulega erfitt í undirbúningi jóla en þetta hefur samt reddast,“ segir Halldóra.

Reynslan hafi þó opnað augu hennar fyrir því hversu berskjaldaðir leigjendur séu þegar leiguíbúðir eru óíbúðarhæfar. „Við erum með gildan leigusamning og því erum við upp á náð og miskunn leigusalans hvort við fáum að losna fyrir undan honum. Það er ekki nema í mjög ýktum dæmum, sem leigjendur öðlast einhver réttindi í slíkum aðstæðum og ég tel að löggjafinn þurfi að skoða þessa viðkvæmu stöðu betur,“ segir Halldóra.

Hún hyggst funda með sérfræðingum Eflu vegna málsins og kynna sér málið frá öllum hliðum. „Bara þessi vandræði mín hafa gert það að verkum að maður hefur heyrt margar enn verri sögur. Það þarf að skoða réttarstöðu leigjenda í slíkum dæmum en einnig fyrirbyggjandi aðgerðir vegna myglu. Það er greinilegt að við erum að gera eitthvað

●● Eins og í öllum góðum jólamyndum redduðust þó heimilishrakningar fjölskyldunnar rétt fyrir jól.

Halldóra Mogensen þingmaður

vitlaust í uppbyggingu íbúða þegar slík vandamál eru að koma upp.“

Eins og í öllum góðum jólamyndum redduðust þó heimilishrakningar fjölskyldunnar rétt fyrir jól. „Við fundum íbúð hjá yndislegu fólki sem þau ætluðu að leigja okkur frá og með 1. janúar. Þegar þau heyrðu af vandræðum okkar þá leyfðu þau okkur að flytja inn fyrir jól, jafnvel þó að þau væru ekki flutt alveg út. Það er æðislegt að finna fyrir slíkum náungakærleik,“ segir Halldóra. bjornth@frettabladid.is



Skólavörðustígur 7 & 16 og Kringlan, Reykjavík. HEIMA: Skólavörðustígur 12, Reykjavík. Hafnarstræti 98, Akureyri og Haukadalur. Geysir.com

GEYSIR

—
HLÝJAR
KVEÐJUR
UM
HÁTÍÐARNAR
—





Jólasveinninn tók lagið á hlaðinu í Árbæjarsafni. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Jólaandi sveif yfir vötnum

Ljósmyndari Fréttablaðsins fór á kreik og fylgdist með fólki leggja lokahönd á jólaundirbúninginn. Á ferð sinni leit hann við í Árbæjarsafni þar sem jólahaldi liðinna ára voru gerð skemmtileg skil.



*Líður að
helgum tíðum*



*Við óskum ykkur
gleði og friðarjóna*



KIRKJAN

EITTHVAÐ FYRIR ALLA

ÖLL SPIL

ALLAR FERÐATÖSKUR



30%
afsláttur



30%
afsláttur

ALLAR ERLENDAR
MATREIÐSLUBÆKUR

ÖLL HNATTLÍKÖN



20%
afsláttur

JÓLASKRAUT


50%
afsláttur



30%
afsláttur



Gústi alþýðuhetjan fiskimaður
TILBOÐSVERÐ: 5.799.-
Verð áður: 8.399.-



Hugvillingur
TILBOÐSVERÐ: 4.499.-
Verð áður: 6.999.-



Foreldrahandbókin
TILBOÐSVERÐ: 7.599.-
Verð áður: 9.999.-



Mannslíkaminn
TILBOÐSVERÐ: 2.999.-
Verð áður: 3.999.-



Bústaðir
TILBOÐSVERÐ: 7.999.-
Verð áður: 8.999.-



Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

PENNINN

Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vörurval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða er til og með 23. desember eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Gleði og friðarjól



Jón Þórisson
jon@frettabladid.is

Ein fallegasta jólasaga sem sögð hefur verið er sagan af því hvernig hermenn fylkinga Breta, Frakka og Þjóðverja stöðvuðu kúlshríðina, skriðu upp úr skotgröfum og sungu jólasálma á aðfangadagskvöld árið 1914. Þetta var í algleymi heimsstyrjaldarinnar fyrri og hermennirnir skiptust á gjöfum og grófu fallna félagasína og sungu sálma.

Þrátt fyrir þetta stutta vopnahlé, breytti það ekki framvindu styrjaldarinnar. Átökin hófust að nýju og stóðu í nær fjögur ár til viðbótar. En frásögnin er falleg og vitnar um mátt og helgi jólanna og allt það góða sem þau geta leitt fram.

Við sem nú erum uppi, teljum okkur lifa á friðartímum og sýnist að stríð hafi varla verið háð frá því heimsstyrjöldinni síðari lauk. Svo er þó ekki. Í nýlegri umfjöllun í Fréttablaðinu kom fram að veröldin er stríðshrjád því alls eru nær þrjátíu virk stríð og mikilsháttar átök í heiminum um þessar mundir.

Fram kemur í umfjölluninni að háð hafa verið um 250 stríð og vopnuð átök þar sem meira en 50 milljónir manna hafa fallið frá því heimsstyrjöldinni síðari lauk, milljónir manna hafa lagt á flótta og tugir milljóna orðið heimilislausar.

Á síðasta ári einu er talið að nær 80 þúsund hafi fallið í stríðsátökum í heiminum og fjöldi fólks á vegangi vegna þeirra nemi tæplega 70 milljónum.

Borgarastyrjöldin í Sýrlandi sem hófst árið 2011 er talin ein mestu átök síðari ára með miklu mannfalli og hefur leitt óáran yfir milljónir manna. Um svipað leyti hófust átök í Jemen og í Afganistan hafa átök verið nær samfelld um nær tuttugu ára tímabil. Þá hafa fleiri en 100 þúsund menn fallið í grimmilegu stríði hersins í Mexíkó, lögreglu og eiturlyfjahringja.

Allt er þetta frekar dapurleg upptalning og því freistandi að leiða þessar staðreyndir hjá sér hér í okkar fremur friðsæla heimshluta.

Á þessum teningi er önnur hlið. Nefnilega hagsmunir vopnaframleiðenda. Í fyrrgreindri umfjöllun er dregið fram að hergagnaframleiðsla stendur nú í miklum blóma. Sala vopna og ýmis þjónusta við stríðandi fylkingar nam í fyrra um 420 milljörðum Bandaríkjadala, á vegum hundrað helstu vopnaframleiðenda heims og hafði þá aukist um tæplega fimm prósent frá fyrra ári. Það jafngildir riflega sextánfaldri landsframleiðslu Íslendinga eins og hún mældist árið 2018.

Þessi starfsemi fer fram um nær allan heim og athygli vekur að í Svíþjóð, Noregi og Finnlandi, löndum sem talin eru friðelskandi, er umtalsverð vopnaframleiðsla. Þannig á framleiðsla vopna sem notuð eru við vopnaskak í fjarlægum heimshlutum, með tilheyrandi hörmungum, þátt í fjárhagslegri velsæld í þessum ríkjum. Það er umhugsunarefni.

Með þetta allt til hliðsjónar er nærtækt að fyllast vonleysi um að menn leggi nokkru sinni niður vopn. Samt er einlæg von um frið ofarlega í huga manna, ekki síst í aðdraganda jóla.

Undir hana er tekið, þó hún kunni að reynast óskhyggja.



Allt er þetta fremur dapurleg upptalning og því freistandi að leiða þessar staðreyndir hjá sér í okkar fremur friðsæla heimshluta.

Halldór



Frá degi til dags

Í fjarlægð
Kristján Þór Júlíusson sagði frá því í útvarpinu um helgina að langt sé frá Óxarfirði til Namíbíu. Tilefnið var að hann sagði sig frá málefnum í ráðuneyti sínu sem varða Samherja. Þetta er rétt athugað því fjarlægðin er um riflega ellefu þúsund kílómetrar. Þá má spyrja: hversu langt er langt? Við því er ekki algilt svar en hitt er hins vegar áleitnara að þegar sjávarútvegsráðherra segir sig frá málum sem snerta stærsta sjávarútvegsfyrirtæki landsins, hlýtur að fækka töluvert í verkefnabunka hans. Er ekki réttlætiskrafa að laun hans verði þá lækkuð samsvarandi og jafnframt hækkuð um sömu tölu hjá ráðherranum sem tekur við þessum málum?

Gamla trikkið
Það var eitursnjallt trikk að skrúfa fyrir heita vatnið í Vesturbæ Reykjavíkur á laugardaginn. Þar með gátu Vesturbæingar loks upplifað hvernig er að hirast í köldum hibýlum, líkt og fjöldi fólks mátti reyna fyrir skemmstu. Einhverjir þvöðu hár sitt upp úr kaffivélavatni, svo þeir gætu skammlaust skotist í Melabúðina eða Brauð og co. með tandurhreint hárið, eins og fréttir hafa verið fluttar af. Mikíð er á menn lagt. bjornth@frettabladid.is

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun



Dr. Björn Karlsson
forstjóri Mannvirkjastofnunar

Alþingi afgreiddi á dögunum lög um stofnun Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar sem verður til við sameiningu Mannvirkjastofnunar og Íbúðalánasjóds og tekur til starfa um áramót. Lýkur þar með níu ára sögu Mannvirkjastofnunar sem undirritaður hefur veitt forstöðu frá stofnun 1. janúar 2011. Starfsemi Mannvirkjastofnunar skiptist í þrjá meginþætti: byggingarmál, eldvarnir og rafmagnsöryggismál.

Til þess að opinbert eftirlit sé einleitt á landsvísi og gagnsætt er mikilvægt að yfirvöld setji fram skýrar og samræmdar reglur með nákvæmum lýsingum á því hvernig eftirlitið fari fram. Reglur þessar eru gefnar út í svokölluðum skoðunarhandbókum. Skoðunarhandbækur tryggja einleitt og samræmt eftirlit en stóruka einnig möguleika framkvæmdaaðila til að stunda eigið eftirlit. Þó sérstaklega ef þær eru á rafrænu formi og skila niðurstöðum úttekta beint inn í rafrænar gáttir.

Sú er raunin með rafmagnsöryggisgátt og eldvarnargáttina Brunavörð sem reynst hafa ákaflega vel. Og segja má að bylting hafi orðið í stjórnsýslu byggingarmála þegar tekin var í notkun rafræn byggingargátt, en þar eru vistuð öll gögn vegna mannvirkja allt frá umsókn um byggingarleyfi til lokaúttektar og öll samskipti aðila vegna þessa. Byggingareftirlit Reykjanesbæjar og fleiri sveitarfélaga fer nú alfarið fram í gegnum byggingargáttina.

Það er von mín að ný stofnun fylgi af metnaði eftir þessari ánægjulegu þróun opinbers eftirlits og vinni áfram af einu að eldvörnum, byggingar- og rafmagnsöryggismálum. Nú þegar ljóst er að Mannvirkjastofnun í núverandi mynd mun heyrast sögunni til á nýju ári vil ég færa starfsfólki stofnunarinnar og öðru samferðafólki bestu þakkir fyrir ánægjulegt samstarf sem brunamálastjóri til tíu ára og síðan forstjóri Mannvirkjastofnunar. Hinni nýju stofnun og starfsfólki hennar óska ég alls velfarnaðar. Sjálfur lít ég stoltur um öxl og hverf til nýrra starfa.



Hinni nýju stofnun og starfsfólki hennar óska ég alls velfarnaðar.

LAUFABRAUÐ

eftir norðlenskri uppskrift

BjörnSBakari
Sími: 561 1433

mánudaga-föstudaga	7.30 - 17.30
laugardaga	8.00 - 16.00
sunnudaga	9.00 - 16.00

Austurströnd 14 • Hringbraut 35
www.bjornsbakari.is

Hér sé guð

Í DAG



Guðmundur Steingrímsson

Að vera leiðinlegur eða jafnvel reglulega andstyggilegur getur verið æði freistandi í daglegu amstri. Engin er sú fró betri mannhuganum, telja margir, en að ná að gusa meitlaðri móðgun í andlitið á samferðamanni þegar síst skyldi eða stinga hárbeittri niðurlægingu, vel tímasettri, í sálartetur manneskju þegar hún á ekki á því von. Hægt er að ylja sér við það í drjúga stund, heila mannsævi jafnvel, að brugga fólki sem manni er illa við launráð. Að troða illsakir er listgrein í sjálfu sér og þarfnast mikillar kunnáttu og orku. Atvinnumenn í greininni ná að sneiða hjá óvildarmönnum sínum markvisst í áratugi, meira að segja þótt búið sé undir sama þaki. Til eru dæmi um að fólk í allmiklu návígi hafi komist hjá því að tala saman, nema með ókvæðisorðum, frá ungdómsárum til dauðadags.

Möguleikar til vonsku eru óteljandi í lífinu. Þeir eru úti um allt. Alltaf. Hversu freistandi er það ekki að öðlast um stundarsakir útrás fyrir pirring sinn með því að hreyta ónotum í fólk í þjónustugeiranum? Hvers vegna skyldi

maður ekki leyfa sér stundum að vera fretur? Margir taka þá ákvörðun að leyfa sér meira af slíku eftir því sem aldurinn færast yfir og vonbrigði lífsins hafa orðið með tímanum aflagjafi biturðar. Þá er gott — og manns réttur auðvitað — að tileinka sér truntuskap í samskiptum við aðra. Rífast mikið. Mikilvægt getur talist að öðrum líði jafnilla og manni sjálfum. Slíkt gerist auðvitað ekki af sjálfu sér.

Fóðri maður illskuna er ekki loku fyrir það skotið að maður geti smám saman haft umtalsverð áhrif á kringumstæður sínar, jafnvel mannkyn allt. Fólk getur orðið helstirni sem dreifir illsku eða svarthol sem gleypir gleði. Hægt er að gera sjálfan sig að riddara skammtímafróunar á kostnað langtímafarsældar og vaða inn á opinberan vettvang og rífa kjaft við skógarelda, hafíð, andrúmsloftið, dýrin og framtíðina. Lýsa má yfir með oflátungshætti í þágu eigin valdabróts að enginn viti neitt nema maður sjálfur. Að brenna skuli. Að eyðileggja skuli. Að drepa skuli.

Illskan er æðislegt rúss. Hleypra má upp veislum með skætingi. Standa má í útistöðum við heilt nágrannasamfélag. Enginn skyldi vanmeta þann óþrjúgandi pytt ákvarðana og breyttni sem mannfólki býðst að kafa ofan í á degi hverjum til að sækja sér ný verkfæri og nýjar ástæður til að vera vondur. Ég skulda engum neitt er algeng mantra. Hver hefur nokkurn tímann gert nokkuð fyrir mig? Ég geri ekki neitt fyrir neinn sem gerir ekki neitt fyrir neinn. Aðrir ógna okkur. Við



skulum hata þá. Hinir byrjuðu. Ekki ég. Minn er rétturinn. Minn er pirringurinn. Min er fíknin sem þarf að næra með skemmdarverkum, skeytingarleysi, mútum og svikum. Minn er óttinn sem þarf að sefa, stressið sem þarf að springa, óhamingjan, biturðin og óréttlætið. Aðrir geta étið tafýlusokk.

Hinn krafturinn

Vikur þá sögunni að hinu. Í veröld hinna ótæmandi möguleika til illskubragða er til ógnarkraftur sem verkar stöðugt á móti. Þetta er svakalegur máttur. Frumkraftur. Það er gaman að segja frá því, en einu sinni í hugleiðingum með sjálfum mér í bíl á gatnamótum Hringbrautar og Hofsvallagötu varð ég fyrir því, algjörlega edru,

að það laust niður í hausinn á mér, gjörsamlega upp úr þurru, hvað trú væri fyrir mér. Ég hafði strögglað við þetta álitamál. Þarna kom þúlið heim og saman.

Síðar hef ég heyrt að um þessa nálgun séu til heilmikil fræði, auðvitað, en þælingin er þessi: Á sama hátt og maður getur ætíð gert umhverfi sitt verra þá býðst manni alltaf líka í öllum kringumstæðum, í öllum andartökum lífsins, sá möguleiki að gera umhverfi sitt betra. Það er alltaf hægt að taka slíka ákvörðun. Stundum snýst hún um einfalda hluti eins og að tuskast til þess að brosa þótt maður sé fúll. Að anda djúpt í stað þess að öskra. Að segja hug sinn. Að hlusta. Að segja fyrirgefðu.

Þetta kann að virðast einfalt og flestir ná þessu held ég ágætlega.

En það skyldi þó ekki vanmeta það hversu snúið þetta getur verið. Stundum er alls ekki augljóst hvað er gott. Lífið getur verið basl, fólk erfitt, kringumstæður glataðar, skítur farinn í víftu, allir uppgefnir og krafturinn viðs fjarri. En þá kemur einmitt að því: Þetta er trú en ekki staðreynd. Maður getur trúað því að krafturinn sé þarna, þótt hann sé fullkomlega ósýnilegur.

Það er guð. Þessi guð, sem umlykur mannkyn í hverri andrá og er andstæða hins sterka og margbreytilega leiðindakrafts sem ég hef hér fjallað um, kallast kærleikur. Kærleikurinn er kraftur sem öllum býðst að leita að og nýta í öllum kringumstæðum lífsins. Núna fögnum við honum. Gleðileg jól.

MERRY CHRISTMAS
and very happy new year

Fedasz Dental Hungary
Your Specialist in Dental Tourism

www.tannlaeknathjonusta.is +36709429573

TAX

FREE

AFSLÁTTUR

af öllum vörum*

í dag Þorláksmessu

OPIÐ TIL KL. 22⁰⁰ Í KVÖLD

Ef þú heitir **ÞORLÁKUR** og kemur í Höllina í dag færðu fallega gjöf frá okkur.

Jólaþveðja, prinsarnir og prinsessurnar í Höllinni!

* Taxfree tilboðið jafngildir 19,35% afslætti. Gildir ekki ofan á önnur tilboð (t.d. jólatilboð) og ekki af vörum frá Skovby eða af sérpöntunum.

TÖFRAR JÓLANNA Í HÖLLINNI



* Taxfree tilboðið jafngildir 19,35% afslætti. Gildir ekki ofan á önnur tilboð (t.d. jólatilboð) og ekki af vörum frá Skovby eða af sérpöntunum. Að sjálfsögðu fær ríkissjóður viðisauka-skatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar.



**HÚSGAGNA
HÖLLIN**

Miðbæjarfélagið forðast að svara fyrir rangfærslur



Páll Tómas Finnsson
upplýsinga-
ráðgjafi og
áhugamaður
um vistvænar
borgir

Mér er ljúft og skylt að svara grein Miðbæjarfélagsins í Fréttablaðinu þann 11. desember, þar sem félagið bregst við umfjöllun minni um rangfærslur þess um göngugötur í miðborg Reykjavíkur. Í greininni er nafnið mitt nefnt 14 sinnum, og það að ég búi erlendis þrisvar. Miðbæjarfélagið gerir hins vegar enga tilraun til þess að skýra rangfærslur sínar og notar óhikað aftur sömu tölur og ég hef sýnt fram á að eru rangar.

Það vantar því enn skýringu á því af hverju félagið heldur því fram að 246 rekstraraðilar hafi skrifað undir undirskriftalista þess, þótt þeim sé fullljóst að fjöldi aðila skrifi undir tvisvar og að á listanum sé fólk sem aldrei hefur verið með rekstur á svæðinu. Ekki er skýrt af hverju félagið hefur kosið að stórkjafa tölur varðandi starfsmannafjölda fyrirtækjanna. Svo ekki sé talað um þá fjölmörgu aðila sem eru ósattir við að vera bendlaðir við málflutning félagsins í dag.

Vandræði Miðbæjarfélagsins við prósentureikning

Einnig vantar skýringu á því hvernig félagið komst að þeirri niðurstöðu að 92% rekstraraðila við Laugaveg, Skólavörðustíg og Bankastræti hafi skrifað undir listann. Það glittir reyndar aðeins í hana


þar sem félagið talar um að 90% rekstraraðila og fyrirtækja „sem þátt tóku“ hafi lýst sig andviga lokunum. Það er hins vegar ekki þannig sem prósentureikningur virkar, og því algjör fjarstæða að tala um þetta sem óhaglegan staðreynd eins og gert er – enn og aftur – í svarinu.

Það var fyrirsjáanlegt að Miðbæjarfélagið myndi reyna að klína á mig einhverri óvild gagnvart listamönnum og hárskerum. Á undirskriftalistanum stendur vissulega að þar sé um að ræða rekstraraðila í miðbænum, en vandamálið er að talsmaður félagsins hefur ekki kynnt það þannig í fjölmiðlum. Hann hefur haldið því fram að 92% fyrirtækja og verslana á svæðinu séu á móti lokunum, sem er einfaldlega kolrangt. Það skal því engan undra þó að ég treysti Rannsóknarsetri verslunarinnar betur til þess að telja útsölastaði verslunar og þjónustu á svæðinu en Miðbæjarfélaginu.

Afstaða rekstraraðila á skjön við viðhorf borgarbúa

Miðbæjarfélagið nefnir ágæta viðhorfskönnun Zenter rannsókna í svarinu, en í könnuninni kemur margt athyglisvert fram. Helsti kostur hennar er að hægt er að skoða og meta gögnin sem liggja til grundvallar, sem er meira en hægt er að segja um fullryðingar Miðbæjarfélagsins.

Könnunin sýnir að 62% rekstraraðila í miðborginni eru andvíg göngugötum allt árið. Miðbæjarfélagið hefur haldið því fram að hlutfallið á göngugötusvæðinu sé 74%, en það þarf kannski ekki að koma á óvart að sú tala er röng. Rétt hlutfall er 65,7%.



Eini hópurinn sem telur sig munu nýta sér þjónustuna minna er fólkið sem aldrei verslar við rekstraraðila í miðbænum.

Talsmaður félagsins kallaði það í útvarpsviðtali „hneykslanlegt“ að blanda rekstraraðilum á Granda og í Kvosinni í málið, en eins og kom fram í svarinu hikar Miðbæjarfélagið ekki við að gera það sjálf þegar

það hentar málstað þess. Félaginu til huggunar vil ég benda á að svörin frá Granda og Hafnartorgi voru tólf, og því felur 75% stuðningurinn þar í sér afstöðu níu aðila.

Sé viðhorf höfuðborgarbúa skoðað blasir við allt önnur mynd. Í miðbænum eru 74% íbúa hlyntir göngugötum allt árið og 6% til viðbótar hlutlausir. Í pósthúmerunum 103-107 eru 77% íbúa annað hvort hlynt eða hlutlaus. Hvergi á höfuðborgarsvæðinu er meirihluti andvígur göngugötum.

Stuðningurinn er 75% í hópi þeirra sem nýta sér þjónustu í miðbænum vikulega eða oftar og 89% þeirra telja sig munu nýta þjónustu

una jafnoft eða oftar verði svæðinu breytt í göngugötur. Það sama á við um 78% þeirra sem sækja þjónustuna einu sinni til þrisvar í mánuði. Eini hópurinn sem telur sig munu nýta sér þjónustuna minna er fólkið sem aldrei verslar við rekstraraðila í miðbænum.

Hægt væri að nefna fjölmörg atriði til viðbótar úr viðhorfskönnuninni sem benda til þess að viðskipti muni aukast í miðborginni verði svæðinu breytt í göngugötur. Forsendan er að þar verði skapað vistlegt og skemmtilegt borgarumhverfi fyrir gangandi og hjólandi, sem samkvæmt talningum eru 81% þeirra sem fara um Laugavegin.

#WithWoj



Haukur Logi Karlsson
nýddoktor
við lagadeild
Háskólans í
Reykjavík

Professor Wojciech Sadurski, heimskunnur pólskur fræðimaður á sviði lögfræði, biður nú niðurstöðu dómsmáls vegna ummæla sem hann lét falla á Twitter um pólska stjórnarflokkinn Lög og réttlæti (PiS). Með ummælunum líkti hann flokknum við skipulögð glæpasamtök.

Stjórnmalaflokkurinn höfðaði í kjölfarið meidryrdamál gegn honum, sem vakið hefur hneykslan í alþjóðlegu samfélagi fræðafólks í lögfræði.

Fjallað hefur verið um málið í virtum fjölmiðlum um allan heim og hefur fræðasamfélagið staðið fyrir undirskriftasöfnun til stuðnings honum undir myllumerkinu #WithWoj. Þykir það til marks um slæmt ástand mála í Póllandi að reynt sé að þagga niður í gagnrýni á stjórnvöld með því að lögsækja gagnrýnendur.

Ég tek undir þessi sjónarmið. Það er mikilvægt að unnt sé að gagnrýna aðila í valdastöðum í hverju samfélagi án þess að eiga yfir höfði sér valdbeitingu og í því tilliti verður að veita nokkuð svigrúm til óheflaðrar og óhefðbundinnar tjáningar. Það að draga fólk fyrir dómstóla getur eitt og sér talist valdbeiting, óháð því hver niðurstaða dómsmálsins verður, sérstaklega ef efnahagslegt eða pólitískt valdaójafnvægi er á milli aðila. Þeir sem eru í slíkri valdastöðu verða því að temja sér mildi í meðföllum um vald sitt.

Hjá því verður ekki komist að

benda einnig á viðara samhengi þessarar málshöfðunar. Á síðustu árum hefur PiS gengið skipulega til verks við að þrengja að sjálfstæði dómstóla í Póllandi með ýmsum aðferðum. Af því tilefni hefur fjöldi mála ratað til Evrópu dómstólsins, meðal annars að frumkvæði Evrópusambandsins, sem telur blikur á lofti varðandi sjálfstæði dómstóla í Póllandi.

Það vekur því sérstakan óhug að pólsk stjórnvöld lýsi velþóknun á stöðu mála á Íslandi með því að skila inn greinargerð til stuðnings þeim ótilhlýðilegu pólitísku afskiptum og lögbrotum sem urðu við skipun Landsréttar á árinu 2017. Það eitt og sér ætti að vekja íslensk stjórnvöld til umhugsunar um réttmæti þeirrar vegferðar að afryja niðurstöðu Mannréttindadómstólsins í máli Ástráðs Haraldssonar héraðsdómara.

Það mætti segja að glögg sé gests augað, að pólsk stjórnvöld sjái stuðning og réttlætingu við aðgerðir sínar við að knésetja pólska dómvaldið í afryjun íslenskra stjórnvalda.

Á meðan klóra íslenskir ráðamenn sér af heimóttarskap í hausnum yfir afskiptasemi alþjóðasamfélagsins af fullveldi Hæstaréttar Íslands til að beita stjórnvöldum nr. 37/1993 á hvert það álitamál um mannréttindi sem upp kann að koma.

Sem betur fer eru íslenskir fræðimenn ekki í þeirri stöðu að þurfa að þola málsóknir vegna gagnrýni á gjörðir ráðandi aflla. Mál professors Wojciech Sadurski sýnir hins vegar að full ástæða er til þess að vera vakandi fyrir öllum tilburðum í þá veru, enda nægir oft að þagga harkalega niður í einum áberandi gagnrýnanda, til þess að aðrir hugsi sig tvisvar um að láta skoðanir sínar í ljós. Þess vegna stend ég með Woj.



Opnunartímar

Kirkjugarða Reykjavíkur um jólin

Á aðventunni, um jól og áramót eru Fossvogskirkjugarður, Gufuneskirkjugarður, Kópavogskirkjugarður og Hólavallagarður opnir allan sólarhringinn nema **Fossvogskirkjugarður er lokaður fyrir allri bílaumferð á aðfangadag milli kl 11:00 og 14:00 vegna mikils fjölda gangandi og slysaættu.**

Peir sem ekki geta vitjað leiða ástvina sinna nema koma akandi er bent á að koma annað hvort fyrir eða eftir tilgreindan lokunartíma.

Ökumönnum er bent á bílastæði við Fossvogskirkju, Suðurhlíð og Vesturhlíð. Á Þorláksmessu og aðfangadag er hringakstur í Gufuneskirkjugarði með aðkomu eingöngu frá Hallsvegi og farið er út norðan megin inn á Borgaveg eins og verið hefur.

Símavarsla verður á skrifstofu Kirkjugarðanna á aðfangadag og gamlársdag frá kl. 08:00 - 12:00 í síma 585 2700 fyrir þá sem þurfa að leita upplýsinga og aðstoðar.

Hægt er að nálgast upplýsingar um staðsetningu leiða á vefnum www.gardur.is

Starfsfólk Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma.
www.kirkjugardar.is

Dýrðingur dýrðinganna

Danny Ings skoraði tvö marka Southampton þegar liðið vann Aston Villa. Ings er kominn með 11 mörk á tímabilinu, þykir ákaflega skemmtilegur og trúlega munu mörkin hans tryggja liðinu áframhaldandi veru í deildinni. Utan vallar er hann auðmjúkur og gjafmildur og rekur sitt eigið góðgerðarfélag sem hann stofnaði 22 ára.

Saga Danny Ings innan vallar er ansi mikil rússíbanareid. Eftir að hafa slegið í gegn með Burnley samdi hann við Liverpool og kom á frjálsri sölu, eða svona næstum því. Liverpool þurfti að borga uppeldisbætur, þær dýrustu í sögunni, um 6,5 milljónir punda. Hann hafði skorað 21 mark í Championship deildinni og 11 á sínu fyrsta tímabili í deild þeirra bestu. Hann var 22 ára og framtíðin virtist svo sannarlega björt.

Skömmu síðar var hann valinn í enska landsliðið í fyrsta sinn gegn Eistlandi og Litháen í undankeppni HM. Jurgen Klopp var að taka við Liverpool af Brendan Rodgers og það vissu flestir að Klopp var að fara að gera eitthvað stórkostlegt með liðið. Ings var kominn með þrjú mörk og virtist pluma sig vel meðal stóru strákana. Hann skoraði meðal annars í borgarslagnum gegn Everton.

En þá dundu ósköpin yfir. Á fyrstu æfingu Kloppps með Liverpool, þann 15. október 2015, sleit Ings krossband í vinstra hné. Vonirnar um EM 2016 fuku út um gluggann og tímabilið var búið. Hann náði reyndar að koma til baka áður en það kláraðist og kom inn á í síðasta leik tímabilsins gegn WBA.

Hann var í varaliðinu á meðan hann var að vinna í að ná fyrri styrk í hnéð en var klappaður og klár, nánast akkúrat ári síðar til að spila gegn Tottenham í deildarbikarnum. Þar meiddist hann á hægri hné og var frá í 11 mánuði. Hann neitaði þó að gefast upp og hóf endurhæfingu um leið og hann gat og í apríl 2018 skoraði hann fyrsta markið sitt eftir meiðslin gegn WBA. Hann hafði þá beðið 930 daga á milli marka.

Klopp hafði ekki setið auðum höndum og var kominn með þá Sadio Mane, Roberto Firmino og Mo nokkurn Salah í framlínuna. Þeir virðast aldrei meiðast og því var erfitt fyrir Ings að brjóta sér leið í byrjunarliðið. Fyrir utan að þeir þrír eru talsvert betri en Ings svo það sé nú bara sagt.

Klopp vildi gjarnan halda Ings því hann var gríðarlega vinsæll í klfanum. En hann sá að hann gat ekki haldið honum. Southampton fékk hann lánaðan en hann ólst upp í Netley sem er skammt frá borginni og dreymdi um að spila með félaginu. Hann var tíu ára þegar Southampton sagði við snáðann að hann væri of litill og hann kæmist ekki lengra. Hann spilaði með Itchen Tyro þangað til hann komst á reynslu hjá Bournemouth. Þar fór boltinn að rúlla.

Dýrmæt mörk

Sigur Dýrðinganna, eins og Southamptonmenn eru yfirleitt nefndir, kom þeim þremur stigum frá Aston Villa sem situr nú í fallsætinu. Ings hefur skorað 12 mörk í síðustu 13 leikjum sínum og er það sem sumir kalla „Á eldi“. Hann er sterkur, fljótari en flestir halda, getur

930

dagur liðu á milli marka hjá Ings þegar hann var í Liverpool. Þann 4. október 2015 skoraði hann gegn Everton og svo 21. apríl 2018 gegn WBA.

haldið boltanum uppi og er með tvo góða fætur sem vita svo sannarlega hvar netið er. Af 11 mörkum hans í deildinni hafa fimm komið með hægri og fimm með vinstri. Southampton var ekki lengi að tryggja sér þjónustu hans og borgaði 18 milljónir punda fyrir kappann, sem er í raun ótrúlega mikið miðað við að hann skoraði aðeins fjögur mörk fyrir Liverpool. En það eru smáaurar miðað við að falla ekki úr deildinni og mörkin hans Ings munu trúlega halda félaginu á meðal þeirra bestu – svo framarlega sem hann helst heill.

Enskir fjölmiðlar segja að hann sé loksins að ná fyrri heilsu og styrk og sé farinn að sýna það af hverju Liverpool fékk hann til sín, af hverju þeir vildu halda honum og af hverju Southampton borgaði svona mikið fyrir kappann sem er 27 ára.

Góði gæinn

The Danny Ings Disability Sports Project, er góðgerðarfélag sem hann hefur á sínum snærum. Það borgar þjálfurum laun fyrir að þjálfa fötluð börn. Hann var aðeins nýskriðinn yfir tvitugt þegar hann stofnaði það. „Ég hef alltaf viljað gefa eitthvað til baka til samfélagsins. Markmiðið er að Burnley geti teft fram liði skipað fötluðum í fyrsta sinn og þetta er eitthvað sem mig langar að stækka í framtíðinni,“ sagði hann árið 2014. Hann fékk hugmyndina eftir að hafa gefið skóna sína til Josephs Skinner, stuðningsmanns Burnley sem er fatlaður, en myndin af þeim félögum fór víða um samfélagsmiðla. Skömmu síðar uppfyllti hann ósk Harley Jane Proctor sem óskaði sér að hitta kappann. Hann gerði gott betur og Proctor leiddi leikmenn út á völl og eftir leikinn fór hann með henni í dýragarðinn í Burnley. Hann var enn bara rétt skriðinn yfir tvitugt. Trúlega væri hægt að fylla fleiri blaðsíður af góðverkum hans utan vallar. Er nema von að heimsbyggðin haldi örlítið með Ings og voni svolítið að hann standi sig vel. benediktboas@frettabladid.is



HETJA HELGARINNAR

Danny Ings

Fæddist 23. júlí árið 1992 í Netley hverfinu í Winchester. Faðir hans var duglegur að fara út í bolta með guttanum og draumurinn var að spila með borgarliðinu Southampton. Faðir hans er múrari og búa foreldrar hans í sama húsi og Danny Ings ólst upp í. Annað suðurstrandarlið, Bournemouth, tók guttann og á tveimur árum skoraði hann 7 mörk. Hann hefur verið ótrúlega óheppinn með meiðsli í gegnum sinn feril, alveg frá því hann var gutti.

●● Seinna markið hans var frábært. Hann er frábær karakter og auðvitað kunnum við að meta að hann sé í þessu formi. Hann var óheppinn í síðasta leik þegar hann skaut í tréverkið og mark var dæmt af honum en hann missir ekki sjálfstraust.

**Ralph Hasenhuttl, knattspyrnu-
stjóri Southampton, eftir
leikinn gegn Aston Villa.**

●● Við munum sakna hans mikið, einnig sem fötboltamanns því þar hefur hann frábæra hæfileika. Hann var óheppinn hér en við getum öll glaðst að hann er farinn að spila aftur og á leiðinni á góðan stað. Fyrir hönd Liverpool segjum við góða ferð, gangi þér vel og við munum sakna þín.

**Jurgen Klopp þegar hann
tilkynnti um sölu Ings til
Southampton.**

JÓLIN

MÁNUDAGUR 23. DESEMBER 2019

Jólin



Max með sonum sínum Axl Tý og Elvis Thor. Þetta verða fyrstu jólar fjölskyldunnar saman hér á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Jól á Íslandi Tenerife, Balí og Madagaskar

Maxine Hagan kom fyrst til Íslands árið 2010 þegar hún var á ferðalagi um heiminn. Nú er hún gift íslenskum manni og eiga þau tvo syni. Þrátt fyrir ungan aldur hafa þeir ferðast víða en verja nú fyrstu jólinum á Íslandi. ➔2

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



Beinn sími: 550 5625

Sölufultrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is



Fjölskyldan saman á Bali.

Framhald af forsiðu →

Sandra Guðrún
Guðmundsdóttir
sandrugdrun@frettabladid.is



Maxine, eða Max eins og hún er oftast kölluð hefur unun af ferðalögum og hefur ferðast mikið um heiminn. Þegar hún kom til Íslands hafði hún verið á ferðalagi í 10 ár. „Ég var á ferðalagi frá Asíu til Evrópu og hafði verið í Danmörku áður en ég kom hingað,“ segir Max. Á Íslandi gripu örlögin í taumana en þar kynntist hún mannum sínum Magnúsi og saman eiga þau synina Elvis Thor fjögurra ára og Axl Tý tveggja og hálfis ára. Þau hjónin hafa ekki látið barneignir stoppa sig í að ferðast og Elvis litli var ekki nema þriggja mánaða þegar hann fór fyrst til útlanda.

„Við erum vön að fara út í lok nóvember á hverju ári og koma til baka í febrúar eða mars, en Elvis fæddist 22. nóvember svo við gátum ekki farið þá. Við fórum í staðinn í febrúar eða mars árið eftir. Þá fórum við til Indlands, Malasíu, Balí og Ástralíu þar sem amma hans býr.“

Þar með var ferðalögum Elvis litla ekki lokið það árið en í nóvember fór litla fjölskyldan aftur út og Elvis hélt upp á eins árs afmæli sitt í Taílandi og jólin voru haldin á Tenerife.

„Svo fæddist Axl í mars 2017 og við fórum út í nóvember eins og venjulega. Elvis varð tveggja ára í Taílandi og jólin voru haldin á Balí,“ segir Max.

Drukku romm og sungu í karóki á Madagaskar

Ein minnisstæðustu jólin sem Max hefur átt með fjölskyldu sinni á ferðalagi var í fyrria á Madagaskar. „Við ætluðum bara að eyða deginum á hótélherberginu okkar af því allt fólk var með fjölskyldum sínum og enginn á ferli. Við vorum með bílstjóra af því við máttum ekki keyra sjálf þar. Bílstjórinn bauð okkur að koma í þorpið þar sem fjölskyldunni hans. Við hugsuðum bara af hverju ekki, við höfðum ekkert annað að gera.“

Max og fjölskylda fóru því í þorpið þar sem fjölskylda bílstjórans bjó nánast öll í litlu húsi. „Þau elduðu heilan helling af mat, alls kyns kjöt og grænmeti. Til dæmis svínsmaga og annan sérstakan mat. Við töluðum saman og



Ein eftirminnilegustu jól sem Max hefur upplifað á ferðalagi voru á Madagaskar með fjölskyldu bílstjórans.



Elvis Thor og Axl Tý á jólinum á Bali.



Max með báða strákana sína á bakinu á ferðalagi á Indlandi.

drukku sterkt romm frá Madagaskar sem er hefð að drekka á jólinum þar. Svo urðum við að dansa því það eru ekki jól á Madagaskar ef þú dansar ekki. Svo enduðum við öll í karóki.“

Þetta var mjög sérstök lífsreynsla að sögn Max, og þegar hún fór út til að fara á klósettið sem var fyrir utan húsið, sem Elvis fannst mjög skrytið, þá heyrði hún fólk syngja og dansa í öllum húsunum í kring. Allir í þorpinu voru að fagna jólinum á sama hátt.

Mikill farangur fylgir börnum á ferðalagi um heiminn

Max segir að henni finnst alls ekki erfitt að ferðast með ungbörn. „Þegar við komum í vélina gaf ég þeim alltaf brjóst svo maginn

væri fullur af mat, svo sofnuðu þeir oftast og sváfu þar til vélin lenti,“ segir hún. „Þetta verður ögn flóknara með eldri börn, en mörg flugfélög bjóða upp á afþreyingu fyrir börn og svo er hægt að leyfa þeim að horfa á uppáhaldsteikni-myndina sína og þá er flugferðin allt í lagi. En það fylgir mikill farangur því að ferðast með börn. Eins og leikföng, bleyjutaska, aukableyjutaska, matur, auka bolur á þig ef þau skyldu æla á þig og líka stórir hlutir eins og kerra og jafnvel barnabíll. Margar bílaleigir bjóða ekki upp á bíl stóla fyrir ung börn og þú þarft að hafa þetta allt með þér í flugi.“

Þeir Elvis og Axl eru mjög hrifnir af flugvélum og tala mikið um að fara í stóru flugvélinu. Fjölskyldan

ferðast mest til Asíu því þaðan er stutt að fara til Nýja-Sjálands og Max segir að þar sé ódýrt að fljúga milli landa. En hún hlakkar til að halda fyrstu jól allrar fjölskyldunnar saman á Íslandi. „Ég hef alltaf lagt áherslu á það við strákana að jólin snúist um að vera með fjölskyldunni, að sýna kærleika og fyrirgefa. Það á betur við um allan heim heldur en auglýsingar í sjónvarpinu sem segja að þú þurfir að kaupa dýra hluti til að halda jól.“

Í anda þessarar hugsunar hafa Max og synir hennar dundað sér við að búa til heimatilbúnað jólagjafir handa öllum. Þau hafa líka búið til gjafapappír út teikni-myndasögum, plakötum og jafnvel treflum. „Ég hef viljað leggja áherslu á það við strákana að það þarf ekki að gefa dýrar gjafir til að gleðja einhvern. Það að búa þær til er það sem veitir gleði.“

Gefa heimilislausum börnum mat og nammipoka

Max segir ekki mikið um jólahéfir hjá fjölskyldunni á ferðalögum en þau kaupir þó yfirleitt nammi handa heimilislausum börnum. „Það er mjög mikið um heimilislaus börn í Asíu að betla á helstu ferðamannastöðunum. Við gefum þeim yfirleitt öllum nammipoka og ef þau eru svöng kaupum við mat handa þeim. Við segjum strákunum okkar að það séu ekki öll börn eins heppin og þeir. Þessi börn geta ekki opnað ísskápin þegar þau eru svöng og fengið sér að borða því foreldrar þeirra eiga engan mat, og kannski eiga þau enga foreldra. Við viljum að þeir viti þetta því á Íslandi sérðu ekki betlandi börn. Við viljum kenna þeim að jólin snúast um að gefa, ekki bara þínum nánustu heldur til samfélagsins.“

Max langaði að gefa af sér þessi jól líka og bauð sig fram til að aðstoða í jólamatnum hjá Hjálparæðishernum en aðstoðar hennar var ekki þörf. „Ég held ég hafi verið of sein að hafa samband, það buðu greinilega margir sig fram. En mér hefði þótt gaman að geta kennt strákunum mínum að á Íslandi eru líka fjölskyldur sem eiga ekki nógan mat og að það er fallett að þarna komi fólk og borði saman og búi til eina stóra fjölskyldu. Í ár verðum við hjá tengaforeldrum mínum og fjölskyldu mannsins míns. Það verður gaman fyrir strákana að fá að upplifa jól með frændsystkinum sínum,“ segir Max.

SÆBJÚGNAHYLKI FYRIR HEILSUNA



Arctic Star



Arctic star sæbjúgnahylki innihalda yfir fimmtíu tegundir af næringarefnum, og eru þekkt fyrir:

- Hátt próteininnihald og lágt fituinnihald
- Að minnka verki í liðum og liðamótum
- Að byggja upp brjóst og draga úr tíðni liðskemmda
- Að bæta ónæmiskerfið
- Að auka blóðflæði
- Að koma í veg fyrir æðakölkun
- Að auka orku líkamans, stuðla að myndun húðpróteins og insúlíns

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA, Framleiðandi er Arctic Star ehf. Allar nánari upplýsingar fást á www.arcticstar.is

Arctic Star sæbjúgnahylki Varan fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og hagkaupum.

info@arcticstar.is - www.arcticstar.is


Síðumúli 31 - 108 Reykjavík - S: 562-9018 / 898-5618

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðandi ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Ábyrgðarmaður: Jóhanna Helga Viðarsdóttir

Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

Umsjónarmenn efni: Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Hjördís Erna Þorgeirsdóttir | hjordiserna@frettabladid.is, s. 550 5767 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is, s. 550 5768 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragnarun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768



SARA BJÖRK – ÓSTÖÐVANDI
MAGNÚS ÖRN HELGASON SKRÁÐI



MORGUNBLAÐIÐ OG FRÉTTABLAÐIÐ

„Bókin er frumraun Magnúsar Arnar Helgasonar og óhætt að segja að verkið farist honum vel úr hendi. Þá er bókin vönduð að allri gerð og ríkulega myndskreytt.“

FRÉTTABLAÐIÐ



GULUR, RAUÐUR, GRÆNN & SALT
EFTIR BERGLINDI GUÐMUNDSDÓTTUR

Vinsælustu réttirnir!



Láttu þér líða vel í eldhúsinu.



Þjónusta

Hreingerningar

VY-PRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Spádómar

SPÁSÍMINN 908 5666

Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.


Keypt & Selt

Til sölu



JS LJÓSAMÍÐJAN
MÉLJAEKSTREIÐI
BLÁTTUVEIÐLAÞJÓNUSTAN
Skemmuvegur 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmíðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 Kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opíð virka daga 8-18 og á laugardögum í desember 10-16.



Kassagítarar í úrvali Gítarinn ehf Kassagítarar á tilboði Rafmagnsgítarar á tilboði Stórhöfða 27 s 552 2125 www.gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Fasteignir



Nýtt ár, ný íbúð? Frítt verðmat

Pantaðu verðmat á verdmatis og við gefum þér frítt söluverðmat á þína eign.



Sigurður Oddur Sigurðsson
Löggiltur fasteignasali
Sími 616 8880



Heiða Guðmundsdóttir
hdl. löggiltur fasteignasali
Sími 779 1929

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT



Skötuveisla

SKÖTUVEISLA
AÐ VENJU VERÐUM VIÐ MEÐ HÍÐ MARGRÓMAÐA VESTFIRSKA SKÖTUHLAÐBORÐ
Á ÞORLÁKSMESSU
FRÁ KL. 11.00 - 15.00 & 18.00 - 21.00
STÓRSKATA • SALTISKUR • PLOKKFISKUR • RÓFUR • KARTÖFLUR
SÍLD • HAMSATÓLG • SMJÖR • HNOÐMÖR • RÚGBRAUÐ • KAFFI & KONFEKT
VERÐ 3.900 KR. FRÍTT 12 ÁRA OG YNGRI 1.900 KR. FYRIR 6 ÁRA OG YNGRI.
SÍMI 554 2166
HAMRABORG 11 • 200 KÓPAVOGUR
WWW.CATALINA.IS
Best geymda leyndarmál Kópavogs

Kjöreign fasteignasala

óskað landsmönnum nær og fjær gleðilegrar hátíðar.
Þökkum fyrir viðskiptin á árinu sem er að liða.
Tökum vel á móti ykkur á nýju ári.

TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA
SÍMI 533 4040
kjoreign@kjoreign.is
Opnunartími mán-fös kl. 9-17
Dan V.S. Wium hdl., lögg. fasteignasali
FASTEIGNASALA • Ármúli 21, Reykjavík • www.kjoreign.is

Tilkynningar



Mat á umhverfisáhrifum Ákvörðun um matsskyldu

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að framkvæmdin

Uppbygging Kjalvegur í Bláskógabyggð

skuli háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000. Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík og á vef stofnunarinnar www.skipulag.is. Ákvörðunina má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til 24. janúar 2020.



Mat á umhverfisáhrifum Ákvörðun um matskyldu

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtaldar framkvæmdir

- Golfvöllur við Rif, Snæfellsbæ
- Endurheimt Hítarár, Borgarbyggð
- 80 tónna framleiðsluaukning á laxaseiðum að Fiskalóni, Sveitarfélaginu Ölfusi

skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000. Ákvörðunir liggja frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík og á vef stofnunarinnar www.skipulag.is. Ákvörðun má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til 24. janúar 2020.

Starfsfólk Hraunhamars
óskað viðskiptavinum, samstarfsaðilum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum fyrir viðskiptin á liðnum árum.

HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA
Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is
Stofnuð 1983

heimili
fasteignasala
á traustum grunni

Bogi Molby Pétursson löggiltur fasteignasali. • Finnboji Hilmarrson löggiltur fasteignasali.

Grensásvegur 3 • 2 hæð • 108 Reykjavík • Sími 530 6500 • heimili@heimili.is • heimili.is



PAKKAR SEM OPNA MÁ STRAX



Alltaf nóg til af humri hjá Norðanfiski...

STÓRUM HUMRI!!

Hafið samband á nordanfiskur@nordanfiskur.is eða í síma 430 1700

Norðanfiskur ehf. sérhæfir sig í framleiðslu á úrvals sjávarfangi til veitinga- og stóreldhúsa.

Einnig má finna vörur Norðanfisks í neytendapakningum í verslunum Bónus um land allt.



K371 sófi

Fáanlegt í leðri og tauáklæði, margir litir
3ja sæta 2ja sæta og stólar



Komið og skoðið úrvalið

NÝFORM

HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is

Opíð virka daga
11-18
laugardaga
11-15

Er jeppinn tilbúinn í jólafríið?



Veldu öruggt **TUDOR** start fyrir jeppann í vetur



Mælum • Skiptum • Traust og fagleg þjónusta



SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMLUM



Skorri ehf • Bildshöfði 12 • 110 Rvk • 577-1515 • www.skorri.is

Blekhyllki.is



Ódýr blekhyllki
og tónerar!

Blekhyllki.is, S. 517 0150 – 2. hæð Smáralind



Alisson Becker með heimsmeistarabikarinn um helgina eftir sigur Liverpool á Flamengo. NORDICPHOTOS/GETTY

Bikaróður í markinu

Brassinn Alisson Becker, markvörður Liverpool, hefur lyft ansi mörgum bikurum á árinu sem senn fer að ljúka. Hann bætti einum við um helgina.

FÓTBOLTI Alisson Becker, leikmaður Liverpool, lyfti enn einum bikarinn um helgina þegar félagið varð heimsmeistari félagsliða eftir sigur á Flamengo. Fyrir utan hina titlana sem Liverpool vann á árinu sem voru Meistaradeild Evrópu og Ofurbikarinn, þá lyfti Alisson Copa America bikarinn með landi sínu Brasilíu í sumar.

Titlarnir hafa einnig hrúgast til hans persónulega. Hann var valinn besti markvörður FIFA, fékk gullhanska ensku úrvalsdeildarinnar sem og í Copa America og fékk verðlaun fyrir að halda oftast hreinu í Evrópuboltanum. Hann var einnig í liði ársins hjá FIFA, Meistaradeild Evrópu og í Copa America.

Alisson er 27 ára og kom til Liverpool í fyrra frá Roma fyrir ansi marga peninga, eða 75 milljónir evra, en líkt og með félagi hans í vörninni, Virgil van Dijk, eru fáir að velja þeirri upphæð fyrir sér í dag. Aðeins Kepa Arrizabalaga er dýrari markvörður, en Chelsea keypti hann nokkrum dögum eftir að Alisson var kynntur til leiks.

Landi Alisson, Roberto Firmino, skoraði sigurmakið gegn Flamengo á tíundu mínútu framlengingarinnar. Liverpool varð þar með annað enska liðið til að lyfta HM bikarinn en liðið leikur gegn Leicester á öðrum degi jóla klukkan 20 og Úlfunum þremur dögum síðar. benediktboas@frettabladid.is



Brassinn var geggjaður á Copa America sem Brasília vann í niunda sinn.


44

Landsleiki hefur Alisson spilað fyrir Brasilíu,

21.

sinni hélt hann hreinu á síðasta leiktímabili.

TORG



*Torg óskar
landsmönnum öllum
gleðilegrar hátíðar*

TÍMAMÓT

Merkisatburðir

1603 Ahmed 1. verður soldán í Tyrkjaveldi aðeins þrettán ára gamall. Hann ríkir til dauðadags 1617. Hann tekur við af föður sínum Memeð 3.

Akmeð er þekktastur fyrir byggingu Bláu moskunnar í Istanbúl.

1945 Ný Ölfusárbrú er tekin í notkun.

1978 Bandaríski raðmorðinginn John Wayne Gacy er handtekinn í Chicago.

1987 Ný lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík er staðfest. Hún kemur í stað samþykktar sem gilt hafði í meira en hálfu öld.

1989 Ion Iliescu verður forseti Rúmeníu.



Þó því verði ekki haldið fram með vissu hafa erlendir fjölmiðlar talið að Loftur hafi verið umfangsmikill í vopnasölu á árum.

Íslenskur vopnasali sem lauk lífsgöngunni á árinu

Margir töldu hann einn auðugasta Íslendinginn og var auðurinn talinn stafa frá umfangsmiklum viðskiptum með vopn og önnur hergögn, eftir því sem sögur herma. Fátt er þó vitað með vissu í þessum efnum. Yfir lífshlaupi hans er eins konar ævintýrablað.

Loftur Jóhannesson flugmaður lést þann 23. janúar á þessu ári. Hann var fæddur í Reykjavík þann 23. desember 1930 og hefði því fagnað 89 ára afmæli sínu í dag ef hann hefði lifað.

Loftur var af mörgum talinn vera einn auðugasti Íslendingurinn en því hefur verið haldið fram að hann hafi fyrst og fremst efnast af vopnasölu til vanþróaðra ríkja. Rétt er að geta þess að Loftur neitaði því alla tíð að starfa við vopnasölu en heimildir um þá umdeildu iðju koma fyrst og fremst úr erlendum bókum og fjölmiðlum.

Umdeildur ferill hans var dreginn fram í dagsljósið fyrir nokkrum árum í tengslum við Panamaskjöldin svokölluðu. Þá kom í ljós að Loftur tengdist fjórum aflandsfélögum á Bresku Jómfrúaeypjunum og Panama.

Loftur var sannarlega gefið nafn við hæfi enda áttu háloftin hug hans alla tíð. Hann lauk atvinnuflugmannsprófi árið 1949, aðeins 19 ára gamall, en fluttist þá til Bretlands þar sem hann lauk frekara

námi og vann fyrir ýmis þarlend flugfélög.

Í Bíafrá-stríðinu 1967-1970 lokuðust allar flutningsleiðir til landsins. Loftur flaug nokkrar ábatasamar en áhættusamar ferðir með hjálpargögn fyrir svissneska flugfélagið Balair.

Hann eygði þó fljótlega tækifæri og í samstarfi við nokkra Íslendinga stofnaði hann sitt eigið flugfélag, Fraktflug. Það fjárfesti í tveimur gömlum DC-6 flugvélum frá Japan, undirbauð samkeppnisáðilana í hjálparflugi og hóf gróðarekstur. Loftur og hinir Íslendingarnir högnuðust vel, en gefið hefur verið í skyn að flugfélagið hafi ekki aðeins flutt hjálpargögn til stríðandi fylkinga.

Eins og áður segir fjölloudu erlendir miðlar af og til um meint vopnaviðskipti Lofts. Frægust er sagan af því að Loftur hafi selt stjórnarher Saddams Hussein í Írak tólf skriðdreka sem breska blaðið The Sunday Times greindi frá. Frumleg hugsun virðist þó ekki hafa átt upp á pallborðið hjá erlendum vopnasólum því Loftur ku hafa gengið undir heitinu „Íslendingurinn“ meðal þeirra.

Árið 1992, birti þýska tímaritið Der Spiegel frétt sem unnin var upp úr skjölum föllnu austur-þýsku leyniþjónustunnar Stasi. Í greininni var fullýrt að Loftur hefði verið milliliður milli vopnasala í Austur-þýskalandi og CIA í stórfelldum vopnaviðskiptum. Þannig á Loftur að hafa verið í svo miklu uppáhaldi hjá Stasi að hann hafi fengið að geyma vopn og önnur stríðstól í sinni eigu í vopnagæmslum austur-þýska hersins. Uppljóstranir Spiegel vöktu mikla athygli og rannsakaði þýsk þingnefnd málið. Í umfjöllun Sunday Times var fullýrt að fyrirtæki Lofts, Techaid, hefði átt í viðskiptum við Stasi fyrir milljónir sterlingspunda með eldfluga-byssur, Kalashnikov-riffla og fjölmörg önnur vígatól.

Loftur kvæntist tvisvar, fyrst Irmgard Toft og síðar Sophie Genevieve Dumas Jóhannesson. Loftur og Sophie héldu heimili á nokkrum stöðum á heimskringlunni, meðal annars í London, í Maryland-fylki í Bandaríkjunum sem og á Barbados í Karíbahafinu. Þau eignuðust eina dóttur. bjornth@frettabladid.is



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Magnús Jón Björgvinsson
Ísafold, Stríkinu 3, Garðabæ,

lést á Landspítalanum við Hringbraut fimmtudaginn 19. desember sl. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Björgvin Magnússon
Ólafía Margrét Magnúsdóttir
Guðný Rósa Magnúsdóttir
Erla Magnúsdóttir

Björk Tryggvadóttir
Sæmundur Pálsson
Gunnar Guðjónsson
Þóður Höskuldsson
og afabörn.



Gleðileg jól og farsælt komandi ár. Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við fráfall

Erlings Ólafssonar.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Landspítalans.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,
Helga Kristjánsdóttir



Faðir minn,
Jóhann Eyfells
myndlistarmaður og prófessor,

lést á hjúkunarheimili í Fredericksburg í Texas þann 3. desember síðastliðinn. Útför fer fram frá Dómkirkjunni 27. desember klukkan 15.00.

Ingólfur Eyfells og aðrir aðstandendur.



Elskulegur einmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,
Gunnar Sigurðsson
löggiltur endurskoðandi,
Naustabryggju 54,
Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut, laugardaginn 14. desember. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 27. desember klukkan 13.00.

Guðný Leósdóttir
Margrét Gunnarsdóttir
Guðrún Gunnarsdóttir
Þóra Gunnarsdóttir
Hildur Gunnarsdóttir
Sigurður Gunnar Sveinsson
Matthías Einarsson
Héðinn Friðjónsson
og barnabörn.

ÞETTA GERDIST 22. DESEMBER 1808:

Sögulegir risatónleikar Beethovens í Theater an der Wien

Ludwig van Beethoven (1770–1827), þýska gullaldartónskáldið, er almennt talinn vera einn þeirra listamanna sem hafi breytt tónlistarsögunni. Það gerði hann meðal annars með níu símfóníum sem eru taldar meðal helstu meistara-verka vestrænnar menningar.

Á þessum degi hélt Ludwig van Beethoven sögulega risatónleika í Theatre an der Wien, Vínarborg, þar sem efnisskráin var ekki skorin við nögl. Þar var frumfluttur hinn innilegi fjórði pianókonert, fimmta og sjötta símfónían, Kórfantásían, konsertarian Ah, perfido og þrjár þættir úr C-dúr messunni. Beethoven stjórnaði auk þess sem hann lék af frumgrum fram.



Tónleikarnir voru marapontónleikar, því á fjórum klukkustundum voru alls átta verk Beethovens frumflutt. Mörgum gestanna þótti setan fulllóng í köldu leikhúsinu.

Fimmta símfónía Beethovens, með sína spennuþrungna upphafstakta, er að öllum líkindum þekktasta tónverk sigldra tónbókmennta. Það er eitt þeirra tónverka sem oftast heyrast í tónleikasölum heimsbyggðarinnar.

Tónleikarnir þennan dag mörkuðu þau tímamót að þetta var í síðasta skiptið sem einn fremsti pianóleikari sinnar tíðar kom fram opinberlega. Heyrnarleysi Beethovens var orðið það alvarlegt.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Opið til kl. 21:00

í öllum verslunum Bónus á Þorláksmessu

Opið á aðfangadag frá 10:00-14:00

VINSÆLASTI

Hamborgarhryggurinn í Bónus



1.795 kr./kg

ALI Hamborgarhryggur
Með beini



1.998 kr./kg

ALI Hamborgarhryggur
Úrbeinaður

ÍSLENSKUR

Holda Kalkúnn

SAMA
VERÐ
UM LAND ALLT



1.598 kr./kg

Holda Kalkúnn
Íslenskur, frosinn



959 kr./400 g

Te & Kaffi Jólakaffi
Malað eða baunir, 400 g

BÓNUS

EKKERT
BRUÐL



Opnunartími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:00 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 11:00-18:00
Smáratorg og Skeifan: Mán-Lau; 10:00-19:00 • Sun; 11:00-18:00 – Verð gildir til og með 29. desember eða meðan birgðir endast.

TILBÚIN WELLINGTON NAUTALUND



Eldunarleiðbeiningar

Takið nautalundina úr frosti 30 klukkutímum fyrir eldun og látið þiðna í kæli. Forhitið ofninn í 200°C á blæstri. Setjið nautalundina á smjörpappír á heita ofn-plötu í miðjan ofninn og bakið þar til hiti er kominn í 50°C í kjarnhita. Eldunartími í ofni er u.þ.b. 50 mínútur. Takið steikina út og leyfið henni að hvíla í u.þ.b. 25 mínútur, eða þar til kjarnhiti hefur náð 58-60°C áður en hún er skorin. Gott er að hafa hreint viskustykki yfir á meðan steikin fær að hvíla. Þessar tölur eru miðaðar við að kjötið sé meðalsteikt. Athugið að ofnar geta verið mismunandi best er að notast við kjöthitamælir.



Wellington

Frystivara

6.399 kr/kg

Villibráð í úrvali



Kengúrufilé

3.999 kr/kg



Gæsabringur

4.999 kr/kg



Rjúpa 375 g

699 kr/stk



Hreindýralundir

8.999 kr/kg



Fasani

1.599 kr/stk



Andabringa

2.499 kr/kg

Meira sælkerá



SMJÖRSÞRAUTAÐ KALKÚNASKIP

Við viljum vera viss um að hátíðarmaturinn þinn verði óaðfinnanlegur. Þess vegna látum við sérframléiða smjörþrautað kalkúnaskip samkvæmt gæðastöðlum Hagkaups. Kalkúnaskipið er unnið úr fyrsta flokks hráefni sem tryggir hámarks gæði.

Hagkaup
mælir
með

Einstaklega bragðgóð og
ljúffeng sósa sem hentar með
hamborgarhrygg og kalkún

479 kr/stk

Smjörþrautað kalkúnaskip

Í rúman áratug hefur Hagkaup boðið upp á smjörþrautað kalkúnaskip sem er algjört lostæti og hefur slegið rækilega í gegn á hverju ári. Það er tilbúið beint í ofninn og eldamennskan ofur einföld.



Ferskur kalkúnn



Tilbúinn uppstúfur
þarf aðeins að hita

449 kr/stk

Hagkaups hangikjötið

Tað og birkireykt fyrsta flokks íslenskt lambkjöt. Í hangikjötið er notað 45% minna salt en notað er við hefðbundna hangikjötsframleiðslu. Engu að síður hefur tekist að framleiða hangikjöt með sama bragði.

HAGKAUP

Meira
svona
alla daga

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Mánudagur

Reykjavík ☁ -2 1 °C K	Ísafjörður ☁ ❄️ -1 9 °C K	Akureyri ☁ 0 3 °C K
Egilsstaðir ☁ -2 1 °C K	Kirkjubæjarkl. ☁ -1 1 °C K	Hveravellir ☀️ -6 4 °C K

Norðaustanátt, 10-18 m/s, lægir smám saman. Snjócoma eða el norðaustan til og með norðvesturströndinni. Þjart og þurr um landið sunnanvert. Austan og norðaustan 3-10, en 8-15 á Vestfjörðum. Snjócoma eða el við norðurströndina. Éi austast, en annars þurr. Vægt frost inn til landsins, annars frostlaust og upp í 6 stig með S-ströndinni. Kólnar á morgun.

Þriðjudagur

Reykjavík ☁ 0 3 °C K	Ísafjörður ☀️ -3 8 °C K	Akureyri ☁ -2 2 °C K
Egilsstaðir ☁ ❄️ 0 4 °C K	Kirkjubæjarkl. ☁ -1 2 °C K	Hveravellir ☁ -12 2 °C K

Miðvikudagur

Reykjavík ☁ 0 2 °C K	Ísafjörður ☁ -2 3 °C K	Akureyri ☁ -5 2 °C K
Egilsstaðir ☁ -5 2 °C K	Kirkjubæjarkl. ☀️ -5 3 °C K	Hveravellir ☁ -5 6 °C K

LÉTT

3		9		2			
			7	5	6	9	
	5		8	4			7
	9	3	4	8			5
4	8	1		3			9
		7	6		3	4	
		8	5				
	3		1	9	5		
1			8				

MIDLUNGS

		1	9	2		5					
				9						4	
2	5	7	3	4							
9				5	3						
	2	6						3			
3						6		9			
5	4	7		2		6					
		1			7	4					
						8					

PUNG

					7	3					
7			6					9	4		
		1		4						6	
		4		2	5		8				
6							9	5			
		5	3		9						
				7							
		8				4					
	5	6					2			1	

Krossgáta

- LÁRÉTT**
- 1 Tálma
 - 5 Slunginn
 - 6 Íþróttafélag
 - 8 Flík
 - 10 Tveir eins
 - 11 Óvild
 - 12 Tóntegund
 - 13 Seytlar
 - 15 Litur
 - 17 Upphefð
- LÓDRÉTT**
- 1 Skekkir
 - 2 Hrekja
 - 3 Hyggja
 - 4 Afhending
 - 7 Óáran
 - 9 Festa
 - 12 Skordýr
 - 14 Útdeildi
 - 16 Umhverfis

1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	17
5					6	7										
8				9												
10																
13	14															
15																
	17															

LÁRÉTT: 1 aftra, 5 fær, 6 fh, 8 blússa, 10 aa, 11 halleri, 9 skorða, 12 maur, 14 gáf, 16 um.
LÓDRÉTT: 1 arbakar, 2 fæla, 3 trú, 4 ársal, 7 kal, 12 mól, 13 gagar, 15 rauður, 17 fram.

Skák Gunnar Björnsson

Mecking átti leik gegn Tan í Petropolis árið 1973.

1. Bxf7+! Kxf7
2. Hxc7+! Dxc7
3. Dh7+ 1-0.

Jólapakkamót Hugins og Breiðabliks fór fram á laugar-daginn. 174 keppendur tóku þátt. Hannes Hlífur og Guðmundur Kjartansson luku þátttöku á Sunway Sitgesmótinu í Barcelona í gær. www.skak.is: Allt um Jólapakkamótið.



6	9	2	8	4	5	7	1	3										
1	3	4	6	7	2	8	9	5										
5	7	8	9	3	1	4	2	6										
2	8	7	1	5	3	9	6	4										
9	6	5	4	2	8	1	3	7										
3	4	1	7	9	6	5	8	2										
4	1	3	5	6	9	2	7	8										
7	2	9	3	8	4	6	5	1										
8	5	6	2	1	7	3	4	9										

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri niú reita línu, bæði lærétt og lódrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus



Gelgjan



Barnalán



HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni líðandi stundar.

Fylgstu með á frettabladid.is



Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook



*BAUHAUS óskar landsmönnum
gleðilegra jóla!*



BAUHAUS[®]

bauhaus.is

Hvað?
Hvenær?
Hvar?
Mánudagur

hvar@frettabladid.is

23. DESEMBER 2019

Hvað? Friðarganga

Hvenær? 17.45

Hvar? Hlemmur

Vaxkyndlar og fjölnota friðarljós seld í upphafi göngu á 500. Hamrahlíðarkórinn og kór Menntaskólans við Hamrahlíð ganga fremst. Drífa Snædal ávarpar fólk á Austurvelli og Eyrún Ósk Jónsdóttir les friðarljóð. Friðarganga er á Ísafirði á sama tíma en á Akureyri kl. 20.

Hvað? Meistari Hilarion og Jesús

Hvenær? 21.00

Hvar? Iðnó

Sana Ba Lana er ný tegund af jóga skapað af meistara Hilarion sem hefur endurholdgast í listamanninum Snorra Ásmundssyni.

Hvað? Ganga í Jólaborpið

Hvenær? 19.00

Hvar? Hörðuvellir í Hafnarfirði

Björgunarsveit

Hafnarfjarðar

selur kyndla

á staðnum.

Jólabjöllurnar taka

á móti

göngu-

fólki og leiða

samsöng, Jón

Jónsson lætur söng-

inn óma og og Guðrún Árný slær

botninn í dagskrá Jólaborpsins

með hátíðlegum jólalögum.

Hvað? Hátíðleg ró

Hvenær? 21.00

Hvar? Frikirkjan Reykjavík

Tónlistarhópurinn Cauda

Collective: Sigrún Harðardóttir á

fiðlu, Þóra Margrét Sveinsdóttir á


viólu og Þóris Gerður Jónsdóttir

á selló flytja tíðasöngva Þorlaks

helga, einnig verk eftir Bach,

Kodaly og Fauré og íslensk þjóðlög

og jólasöngva.



Það er svo gaman að leika sér með fantasíur, segir Hilmar Örn Óskarsson og ihugar að skrifa fleiri hryllingssögur fyrir ungmenni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Myrk fantasía

Hilmar Örn Óskarsson sendir frá sér hryllingssögu fyrir unglinga. Aðalpersónan er einhent stelpa. Mögulega fyrsta bók í seríu.

Kolbrún

Bergþórsdóttir

kolbrunb@frettabladid.is



hræðilegir hlutir og sumir deyja.“

Sótti í kvikmyndahrylling

Hilmar segist snemma hafa orðið hryllingsaðdáandi. „Við Ómar vinur minn, kenndur við Quarashi fórum sem krakkar og unglingar í pílgrímsferðir frá Breiðholti alla leið niður á Aðalvídeóleigu á Klapparstig til að ná í ókloppar útgáfur af hryllingsmyndum á borð við Dawn of the Dead og Basket Case.“

Hann hefur skrifað fjórar barnabækur um Kamillu Vindmyllu og bók fyrir enn yngri börn um Funa og Öldu földu. „Núna leyfði ég mér að búa til hryllingsveislu fyrir mig. Í barnabókunum mínum er allt sætt og skemmtilegt, þar má segja að ég hafi ofkrúttað og núna langaði mig í allt aðra átt.“

Ekki kemur á óvart að Hilmar



KRAKKAR ÞOLA DÁGÓÐAN SKAMMT AF HRYLLINGI, ÞAÐ ÞARF EKKI AD TIPLA Á TÁNUM Í KRINGUM ÞÁ Í SAMBANDI VIÐ ÞAÐ.

segist vera mikill Stephen King aðdáandi. „Hann er algjörlega frábær og sömuleiðis Clive Barker sem ég hef lesið mikið. Ég fór að skoða bækur hans eftir að King kallaði hann hið nýja andlit hryllingsins. Í þessari bók sótti ég mikið í kvikmyndahryllingnum og reyndi að færa hann inn í bókina.“

Hugsanleg sería

Hann segir börn og ungmenni sækja í hrylling. „Ég vildi skrifa bók sem mig hefði langað til að lesa þegar ég var unglingur. Það er of lítið af slíkum bókum á markaðnum. Hildur Knútsdóttir er aðeins í hryllingnum og nýja bókinn hennar er ofarlega á listanum yfir það sem ég ætla að lesa um þessi jól. Krakkar þola dagóðan skammt af hryllingi, það þarf ekki að tipla á tánum í kringum þá í sambandi við það. En mér hefur ekki alltaf tekist jafn vel upp þegar kemur að því að færa hrylling til barna. Eitt sinn keypti ég DVD-myndir fyrir stráka systur minnar í jólagjöf. Þá voru þeir um ellefu ára og myndirnar sem ég keypti voru bannaðar innan sextán. Þessar jólagjafir voru snarlega gerðar upptækar og settar upp í skáp. Það bjargaði málum að ég átti einhver eintök af Kamillu sem ég rétti þeim í staðinn.“

Hilmar segist alls ekki útilokað að Húsið í september verði fyrsta bók í seríu. „Hugsanlega koma framhaldsbækur. Ég er að fikta mig áfram með þennan heim. Mér finnst hann spennandi. Það er svo gaman að leika sér með fantasíur, því þar getur maður gert allt sem maður vill.“

Leyndarmál Jakobínu

BÆKUR

Jakobína saga skálds og konu

★★★★★

Sigríður Kristín Þorgrímsdóttir

Jakobína Sigurðardóttir var einn merkasti íslenski rithöfundur tuttugustu aldar og þótti bæði djörf og framúrstefnuleg í skrifum sínum. Hún ólst upp í sárrí fátækt með brennandi skáldadraum á Hornströndum, flutti til Reykjavíkur um stutta hríð og varð síðan bóndakona í Mývatnssveit sem skrifaði á að hafa hugsað um skáldskap allan daginn. Bókum hennar var vel tekið og voru þrjár skáldsögur hennar valdar sem framlag Íslands til bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs. Jakobína Sigurðardóttir hefur verið afskaplega áhugaverð kona og því fengur að bók um ævi hennar. Dóttir Jakobínu tekst það á hend-

ur að skrá lífshlaup móður sinnar sem er hægara sagt en gert þar sem Jakobína hafði bundið svo um hnúta að flest bréf hennar og dagbækur voru brennd eftir hennar dag. Eitthvað varðveittist þó sem hægt er að þúsla úr lífshlaupi og líðan auk þess að Jakobína skrifaði sjálf um æsku sína í bókinni Í barndómi. Allt bendir þó til þess að Jakobína hafi ekki viljað að saga hennar yrði skrifuð og því á eflaust einhverjum eftir að finnast sem Sigríður hefði átt að láta kyrrt liggja. En hún ávarpar þá spurningu strax í upphafi og reglulega gegnum bókina þar sem hluti hennar er ímyndað samtal dóttur sem langar að vita meira um fortíðina við látna móður sem vill ekki láta neitt uppi.

Annar hluti bókarinnar segir af lífi Jakobínu með vísunum í staðhætti þar sem hún bjó og lifði, frásögnum af fólki með ættfærslum og ártölum en einnig hennar innra lífi, baráttu við þunglyndi, „hið kalda og dimma skammdagi lífsins“ eins og það er kallað í bókinni. Leyndardómsfulla æskuást í meinum og þó fyrst og fremst ástríðuna fyrir skriftunum sem skin gegnum bréf sem hún sendir vinnum sínum. Og svo eru í bókinni ljóð eftir Jakobínu sem spanna alla hennar skáldskapartíð, frá því hún fékk birt eftir sig kvæði undir nafninu Kolbrún í Heimilisblaðinu 1941.

Höfundur þessarar bókar er með marga hatta. Hún er sagnfræðingur sem skrifar af faglegri nákvæmni um fólk og staðhætti en ekki síður fagurbókmenntahöfundur sem lætur eftir sér að beita stílbrögðum. Og svo er hún auðvitað dóttir sem skrifar um móður með öllum þeim flóknu tilfinningablæbrigðum sem slík sambönd búa yfir. Allir fara þessir hattar henni vel og útkoman er heilsteypt og forvitnileg ævisaga sem segir bæði sögu einstaklings og samtíma á fallegan og faglegan hátt, skrifuð af virðingu og kærleika til söguþefnisins.

Lesendur verða margs vísari um líf Jakobínu Sigurðardóttur, bæði sem skálds og konu eftir lesturinn og vita þó sem er að hvergi nærri er öll sagan sögð.

Brynhildur Björnsdóttir

NIÐURSTADA: Falleg mæðgna – og ævisaga, skrifuð af virðingu og kærleika.

ALLT Í JÓLAMATINN Í NETTÓ!



Heill kalkúnn

1.198 KR/KG



**LÆGSTA
VERÐIÐ!**



-25%

Hamborgarhryggur
Kjötsef

1.199 KR/KG
ÁÐUR: 1.598 KR/KG



-40%

Nautalundur
Danish Crown

2.999 KR/KG
ÁÐUR: 4.999 KR/KG



VERSLAÐU Á NETINU
www.netto.is


Tilboðin gilda 23. - 31. desember

Tilboðin gilda meðan birgðir endast.
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

**ÓDÝRAST Á NETINU
Í VEFVERSLUN NETTÓ***

*Skv. könnun Fréttablaðsins

netto
í jólaskepi



Mánudagur

ILMANDI Í
ELDHÚSINU

aðfangadagur kl. 12.40-16

Bergsson og Blöndal fylgja hlustendum í erli dagsins. Þau fá gesti í hljóðver, heyra í Íslendingum erlendis og spila skemmtilega jólatónlist á meðan þið sjóðið rauðkálíð og hrærið í sósunni.

JÓLIN ERU
AÐ KOMA

aðfangadagur kl. 16-18

Andrea Jónsdóttir styttr biðina eftir jólnum og leikur jólatónlist að sínum hætti.

NONNI OG MANNI Á
FORSÍÐU BRAVÓ

Jóladagur kl. 10.05-12.20

Guðmundur Pálsson ræðir við Garðar Thor Cortes, Einar Örn Einarsson og Jóhann G. Jóhannsson, sem léku allir í sjónvarpsþáttaröðinni um Nonna og Manna sem frumsýnd var um jólin 1988.

Á BEKKNUM MEÐ
EINARI ERNI

annar í jólum kl. 9.05

Einar Örn Jónsson fær til sín landsliðsfyrirliðana í fótbolta kvenna og karla, Söru Björk Gunnarsdóttur og Aron Einar Gunnarsson.

RÚV SJÓNVARP

08.00 KrakkaRÚV
08.01 Minnsti maður í heimi
08.02 Begga og Fress - Jólápáttur
08.27 Manni meistari
08.50 Guðbjört og nátttröllíð
09.15 Nýi skóli keisarans
09.37 Spýtukarl
10.05 Hróturinn Hreinn
11.30 Um gleðileg jól
12.25 Síðbúið sólarlag. Jólápáttur
12.55 Til borðs með Nigellu - Jólápáttur
13.55 Ásgeir Trausti á tónleikum
Upptaka frá tónleikum íslenska tónlistarmannsins Ásgeirs Trausta á tónlistarhátiðinni Baloise Session í Basel í Sviss árið 2017. e.
15.05 Jól með Price og Blomsterberg
15.30 Tracey Ullman tekur stöðuna - Jólápáttur
Gamanþættir með leikkonunni Tracey Ullman þar sem hún tekur heimaland sitt, Bretland, fyrir og gerir því skil í gegnum alls kyns óborganlegar persónur. Þættirnir hafa verið tilnefndir til Emmy-verðlauna. e.
16.00 Jólin hjá Claus Dalby
16.10 Kæri leyni-jólasveinn
17.40 Táknafréttir
17.50 KrakkaRÚV
17.51 Jólaveinarnir Ketkrókur
18.00 Jóladagatalið. Jólakóngurinn
18.26 Týndu jólin Hinn sanni jólaandi
Jólakötturinn stal öllu jóladótinu. Porri og Pura eru miður sín og rifja upp hvað það er sem jólin snúast um í raun og veru.
18.38 Lalli
18.45 Refurinn Pablo
18.50 Krakkafréttir
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastjólaljós
20.05 Menningin
20.20 Karsten og Petra halda jól
Karsten og Petras vidunderlige jul
Jólin eru á næsta leiti og vinirnir Karsten og Petra eru full eftirvæntingar. En þegar afi Petru tilkynnir að hann eyði ekki jólnum með fjölskyldunni þetta árið þar sem hann ætli í bústað með kærustu sinni, leggja Karsten og Petra á ráðin, staðráðin í að fá afa hennar til að snúast hugur. Leikstjóri: Arne Lindtner Næss. Aðalhlutverk: Elias Søvold-Simonsen, Nora Amundsen og Ivar Nørve.
21.40 Sætt og gott - jól - Det søde liv - jul
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Norræn jólaveisla Det store nordiske juleshow
Árleg jólatónlistarveisla danska ríkisútvarpsins. Flutningur er í höndum sífóníu-hljómsveitar DR auk þess sem ýmsir norrænir listamenn stíga á svið, þeirra á meðal íslenski tónlistarmaðurinn Auður.
23.55 Me Before You - Áður en þú komst
01.40 Dagskrárlök

RÚV RÁS EITT

06.55 Morgunbæn og orð dagsins
07.00 Fréttir
07.03 Jólakveðjur
08.00 Morgunfréttir
08.05 Jólakveðjur
09.00 Fréttir
09.05 Jólakveðjur
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.15 Jólakveðjur
11.00 Fréttir
11.03 Jólakveðjur
12.00 Fréttir
12.02 Hádegisútlit
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir
12.55 Jólakveðjur
14.00 Fréttir
15.00 Fréttir
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Jólakveðjur
17.00 Fréttir
18.00 Kvöldfréttir
18.15 Jólakveðjur
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Jólakveðjur
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Jólakveðjur
00.00 Fréttir
00.05 Næturútlit Rásar 1

GOLFSTÖÐIN

08.00 Spanish Ladies Open
Útsending frá Spanish Ladies Open á Evrópumótaröð kvenna.
11.10 Hero World Challenge
Útsending frá Hero World Challenge á PGA-mótaröðinni.
16.10 Magical Kenya Ladies Open
Útsending frá Magical Kenya Ladies Open á Evrópumótaröð kvenna.
19.15 AfrAsia Bank Mauritius Open
Útsending frá AfrAsia Bank Mauritius Open á Evrópumótaröðinni.

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Rádió
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
08.00 The Late Late Show
08.45 Happy Together
09.05 Fam
09.30 Superstore
09.50 Speechless
10.15 Single Parents
10.35 Life in Pieces
11.00 American Housewife
11.20 Will and Grace
12.00 Með Loga
12.55 Lambið og miðin
13.25 Kokkafلاك
14.00 Ilmurinn úr eldhúsinu
15.30 Ilmurinn úr eldhúsinu
16.00 Malcolm in the Middle
16.20 Everybody Loves Raymond
16.45 The King of Queens
17.05 How I Met Your Mother
17.30 Glee
18.15 The Late Late Show
19.00 America's Funniest Home Videos
19.20 Survivor
20.10 Survivor
21.40 Venjulegt fólk
00.05 Venjulegt fólk
00.40 Tower Heist
02.30 The Dictator
03.50 The Late Late Show
04.35 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.55 Morgunbæn og orð dagsins
07.00 Fréttir
07.03 Jólakveðjur
08.00 Morgunfréttir
08.05 Jólakveðjur
09.00 Fréttir
09.05 Jólakveðjur
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.15 Jólakveðjur
11.00 Fréttir
11.03 Jólakveðjur
12.00 Fréttir
12.02 Hádegisútlit
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir
12.55 Jólakveðjur
14.00 Fréttir
15.00 Fréttir
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Jólakveðjur
17.00 Fréttir
18.00 Kvöldfréttir
18.15 Jólakveðjur
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Jólakveðjur
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Jólakveðjur
00.00 Fréttir
00.05 Næturútlit Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

09.05 A League of Their Own
11.10 Charlie and the Chocolate Factory
Bráðskemmtileg fjölskyldumynd með Johnny Depp sem byggð er á frægri barnabók eftir Roald Dahl.
13.05 Wonder
15.00 A League of Their Own
17.10 Charlie and the Chocolate Factory
19.05 Wonder
21.00 Harry Potter and the Order of Phoenix
Fimmta myndin um Harry Potter sem er sannfærður um að hinn illi Voldermort sé kominn aftur en galdraskólinn er í algerri afneitun.
23.20 Game Night
01.00 The Bone Collector
03.00 Harry Potter and the Order of Phoenix

STÖÐ 2

08.00 Friends
08.25 Masterchef USA
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 The Detail
10.10 Suits
11.00 Landnemarnir
11.35 Gulli byggir
12.05 Eldhúsið hans Eypórs
12.35 Nágrannar
13.00 So You Think You Can Dance
14.20 So You Think You Can Dance
15.45 Annie Claus is Coming to Town
17.20 Seinfeld
17.43 Bold and the Beautiful
18.03 Nágrannar
18.28 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Ísland í dag
19.10 Sportpakinn
19.20 Adventumolar Árna í Árdal
19.30 The Grinch
21.00 National Lampoon's Christmas Vacation
22.35 Die Hard
01.00 His Dark Materials
01.55 60 Minutes
02.40 Boardwalk Empire
Önnur þáttaröð af þessari margverðlaunuðu seríu sem skartar Steve Buscemi í hlutverki stórkallsins Nucky Thompson, sem reði lögum og lofum í Atlantic City á bannárunum snemma á síðustu öld.
03.35 Boardwalk Empire
04.35 Boardwalk Empire
05.30 All Rise

STÖÐ 3

07.55 Suður-ameríski draumurinn
12.05 Suður-ameríski draumurinn
12.45 The Great Christmas Light Fight
16.30 The Great Christmas Light Fight
17.15 Eldhúsið hans Eypórs
17.35 The Great Christmas Bake Off
19.35 Kevin Can Wait
20.00 Friends
20.25 Modern Family
20.50 Seinfeld
21.15 Silicon Valley
21.45 American Horror Story 8. Apocalypse
22.30 Who Do You Think You Are?
23.15 The Third Eye
00.05 Flash
00.50 Veep
01.20 Kevin Can Wait
01.45 Modern Family
02.10 Tónlist

STÖÐ 2 SPORT

06.50 Parma - Brescia
08.30 Cleveland Browns - Baltimore Ravens
10.50 Philadelphia Eagles - Dallas Cowboys
13.10 Sassuolo - Napoli
14.50 Real Betis - Atletico Madrid
16.30 Sheffield Wednesday - Bristol City
18.10 Ítölsku mörkin
18.40 Spænsku mörkin
19.10 Football League Show
19.40 Blackburn - Wigan
Bein útsending frá leik í ensku 1. deildinni.
21.45 Barcelona - Deportivo
Útsending frá leik í spænsku úrvalsdeildinni.
23.25 Cardiff - Preston North End
Útsending frá leik í ensku 1. deildinni.


STÖÐ 2 SPORT 2

12.30 HM í pílukasti Bein útsending.
19.00 HM í pílukasti Bein útsending.

FRÍSKANDI BRAGÐ!



HREINAR OG FRÍSKAR
TENNUR UM JÓLIN





Stórsýningin Skoppa og Skritla í Hörpu gekk svo vel nú í haust að settar voru inn aukasýningar 28. desember.



Skoppa og Skritla voru heppnar með veður á flakki sínu um landið. Á adventunni skein sólin.



Danspartý-námskeiðin hefjast aftur í janúar. Þar fá litlu vinir þeirra Skoppu og Skritlu frá eins til níu ára að eiga góða stund með þeim einu sinni í viku við að syngja dansa og leika.



Vinkonurnar Skoppa og Skritla frumsýna nýja þáttaröð á Stöð 2.

Allir þurfa smá töfra og kátínu

Skoppa og Skritla fóru af stað í gær með nýja þáttaröð á Stöð 2. Þær segja að á sínum ferli hafi þær lært að börn um allan heim eigi það sameiginlegt að vilja finna kærleika, umhyggju og kátínu.

Á þessum fimmtán árum okkar höfum við ferðast til þriggja heimsálfa og heim-sótt börn í hinum ýmsu löndum. Öll eiga börnin það sameiginlegt, sama hvaða tungumál þau tala, að vilja kærleik og umhyggju og þyrstir í töfra og kátínu. Það er það sem við

reynum að gera í öllu okkar efni, að veita þeim jákvæða upplifun – að birta þeim eins jákvæða mynd af heiminum og hægt er. Fylla hjörtun þeirra af öllu því góða sem til er svo þau eigi nóg af góðri næringu inn í lífið, segir Hrefna Hallgrímsdóttir leikkona, sem hefur túlkað Skritlu í fimmtán ár.

Í gær hófust nýir þættir um þær

Skoppu og Skritlu á Stöð 2. Þar ferðast þær á póstkorti um ævintýraeyjuna Ísland með það fyrir augum að fræðast skoða og upplifa allt það skemmtilega sem Ísland hefur upp á að bjóða fyrir ferðagladar fjölskyldur. Í fyrsta þætti upplifðu þær adventuna í höfuðborginni Reykjavík og svo halda þær áfram og fylgjast til dæmis með

sauðfjarréttum, býflugum, hitta hvali, plokka rusl, rækta grænmeti, skoða vita, syngja og dansa með stórum sem smáum vinum eins og þeim einum er lagið. Þættirnir verða átta talsins.

„Um síðustu jól var sería eitt frumsýnd og hún sló svo rækilega í gegn að ráðist var í seríu 2. Það var svo margt sem ekki náðist að skoða og upplifa svo það varð eiginlega að gera aðra seríu. Samt er enn af heilmiklu að taka svo það er spurning hvort sería 3 verði til. Kemur í ljós,“ segir hún.

Hún segir að þær vinkonur hafi verið ótrúlega veðurheppnar á flakki sínu og að á öllum viðkomustöðum hafi veðrið reynst dýrðlegt, hvort sem það hafi verið vetur, sumar vor eða haust. „Við settum til dæmis niður grænmeti og sumarblóm snemma í vor í því líkri rjómablíðu og áttum nú frekar von á rigingarsudda þegar við mættum í haust að taka upp en þá birtist bara sama blíðan aftur. Og þannig var þetta gegnumgangandi. Meira að segja adventuþátturinn, sem tekinn var upp fimmta desember í ein-

stakri stillu og flennisól. Við segjum að þetta sé gulu búningunum að þakka.

Við förum víða fyrir þessa þáttaröð og það er svo dásamlegt að sjá og upplifa hvað Skoppa og Skritla eiga marga góða að um allt land. Alltaf jákvætt og kærleiksríkt viðmót. Fyrir það erum við mjög þakk-látar.“

Ein aukajólasýning

Þær vinkonurnar settu upp stórsýningu í Hörpu í haust en Hrefna segir að náðin í leikhúsi sé alltaf skemmtileg. Þar komi viðbrögðin strax. Þáttagerðin sé öðruvísi. „Stórsýningin okkar í Hörpu gekk svo vel nú í haust að settar voru inn aukasýningar 28. desember. Við fögnum því að hafa aukataækifæri til að hitta litlu vinina og vinkonurnar því þetta verður okkar síðasta leikhús-uppsetning svo við ætlum að njóta í botn.

Mér skilst að það séu ennþá nokkur sæti laus ef einhver vantar sniðuga hugmynd að kærkominni jólagjöf.“

benediktboas@frettabladid.is

HUMMAR

NÓG TIL



SKATA

ADDEINS

990 KR/KG

OPIÐ
TIL
20.00

Á SOGAVEGI



Fiskikóngurinn

Sogavegi 3 • Höfðabakka 1 • Sími 555 2800



DORMA

Láttu drauminn rættast

SMÁRATORG | HOLTAGARÐAR
AKUREYRI | ÍSAFJÖRÐURFyrir þínar
bestu stundir

www.dorma.is

VEFVERSLUN

ALLTAF
OPINSkemmtilegar
Múmíngjafavörur15%
AFSLÁTTURAllar Múmín
gjafavörur með
15% jólaafslættiMúmín púði 50x50 cm.
Fjölublár eða blár.
Fullt verð: 5.900 kr.
JÓLATILBOÐ: 5.015 kr.MÚMÍN
SÆNGURFÖTMúmín
rúmfötin
samanstanda
af sængurveri
og koddaveri
sem bæði eru
með rennilás.
Þau eru úr
100% lífrænni
bómull og fást
í 3 litum, græn,
grá og gul.

Múmín rúmföt, 140x200 cm.

Fullt verð: 9.900 kr.

JÓLATILBOÐ: 8.415 kr.



Múmín púðaver 50x30 cm

Fullt verð: 4.900 kr.

JÓLATILBOÐ: 4.165 kr.

Múmín snyrtitaska,
minni, gráblá.

Fullt verð: 3.900 kr.

JÓLATILBOÐ: 3.315 kr.

Múmín snyrtitaska, stærri.

Fullt verð: 6.900 kr.

JÓLATILBOÐ: 5.865 kr.



Vonast er til að aukaafurð nýrrar uppfærslu á Kariusi og Baktusi verði til þessað börn hugi betur að tannheilsu sinni.

Fransbrauð ekki það
versta fyrir börn

Ný uppsetning hins sígilda leikverks um Kariús og Baktus eftir Thorbjörn Egner verður aðeins 45 mínútur að lengd og er ætluð til að kynna unga krakka fyrir töfrum leikhússins í fyrsta skipti.

Æ vintýrið um Kariús og Baktus þekja flestir Íslendingar enda er um að ræða sígilda sögu eftir norska höfundinn Thorbjörn Egner. Bókin kom út árið 1949 og fjallar í stuttu máli um tanntröllin tvö, Kariús og Baktus, sem lifa sældarlífi í muninum á sælgætisgrisnum Jens. Piltur er ekkert sérstakleg duglegur að tannbursta sig og það hentar tanntröllunum vel enda vita þeir fátt betra en að ryðja í sig sætindum. Þegar þeir gerast of aðgangsharðir í byggingaframkvæmdum þá fer Jens til tannlæknis með skelfilegum afleiðingum fyrir félagana.

Í byrjun febrúar verður nýtt leikrit um Kariús og Baktus frumsýnt í Hörpu. Tveir ungir leikarar, þau Elísabet Skagfjörð og Kjartan Darri Kristjánsson, munu bregða sér í gervi tanntröllanna og er verkið í leikstjórn Söru Marti Guðmundsdóttur. Alls hafa átta sýningar verið settar í sölu og mun leikritið verða sett upp í Kaldalóni í Hörpu. Sýningin verður aðeins 45 mínútur að lengd og er sett á svið með það í huga að kynna unga krakka fyrir töfrum leikhússins í fyrsta skipti. Þá verður það mögulega heppileg aukaafurð að börnin hugi að eigin tannheilsu eftir sýninguna.

ÞEGAR VALUR FREYR
SKAUT PLÖNTUNA
BRAST ÉG Í GRÁT ÞANNIG AÐ
MAMMA ÞURFTI AÐ FARA MEÐ
MIG HEIM.

Elísabet og Kjartan Darri segjast vera orðin spennit fyrir því að sýna verkið fyrir unga leikhúsgesti enda getur fyrsta leikhússýningin oft verið eftirminnileg. „Börn lifa sig svo mikið inn í hlutina og því er bæði stressandi og gefandi að leika fyrir þau. Þau sitja ekkert á sér ef þeim er ekki skemmt og því viljum við gjarnan gefa þeim góða upplifun,“ segir Elísabet.

Það væri ólíkt hennar fyrstu leikhússheimsókn sem endaði í tárnum. „Ég fór á Litlu hryllingsbúðina í Borgarleikhúsinu árið 1999. Þegar Valur Freyr skaut plöntuna brast ég í grát þannig að mamma þurfti að fara með mig heim,“ segir Elísabet kímín.

Þessi harmræna fyrsta reynsla gerði Elísabetu þó síður en svo

afhuga leikhúsinu. Hún útskrifaðist úr Listaháskóla Íslands tæpum tveimur áratugum síðar og hefur einnig lokið námi í ballett og nútímalistdansi frá Listdansskóla Íslands.

Kjartan segir að hans fyrsta leikhúsmínning sé í móðu. „Ég hreinlega man ekki eftir fyrstu leikhússheimsókn minni en veit þó að ég fór á Kardemommubæinn ásamt foreldrum mínum. Kannski er ástæðan sú að ég á að hafa verið stjarfur af hræðslu allt leikritið,“ segir Kjartan og hlær.

Hann útskrifaðist sem leikari úr LHÍ 2015 og hefur síðan starfað hjá Leikfélagi Akureyrar og tekið þátt í fjölda sýninga í sjálfstæðu senunni.

Hvorugt þeirra segist hafa séð leikritið um tanntröllin á sviði. „Nei, en ég hlustaði mikið á hljóðbókina sem barn og einhvern veginn er sagan ljósflíandi í kollinum á mér,“ segir Kjartan Darri.

Að þeirra sögn mega leikhúsgestir búast við því að sagan verði sögð með hefðbundnum hætti. „Tanngarðar hafa ekki mikið breyst í ánnar rás og fólk fer enn þá til tannlæknis,“ segir Elísabet. Kjartan bendir á að þó hafi þurft að aðlaga textann að nútímanum á sumum stöðum. „Fransbrauð er ekki það versta sem börn láta ofan í sig í dag,“ segir hann brosandi.

steingerður@frettabladid.is

SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Guðstaf Bjarnason guustaf@frettabladid.is ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050: Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@frettabladid.is, Sigfús Örn Einarsson sigfus@frettabladid.is, Svava O'Brien svava@frettabladid.is, Örn Geirsson orn.geirsson@frettabladid.is FOLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077: Atli Bergmann atli@frettabladid.is, Arnar Magnússon arnar@frettabladid.is, Jóhann Waage johannwaage@frettabladid.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@frettabladid.is, Ruth Bergsdóttir ruth@frettabladid.is, Elin Albertsdóttir elin@frettabladid.is RADAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 550 5056: Hrannar Helgason hrannar@frettabladid.is, Viðar Ingi Pétursson vip@frettabladid.is ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055: Guðrún Inga Grétarsdóttir guadruninga@frettabladid.is

Afgreiðslutímar til jóla
Þú finnur afgreiðslutíma
allra verslana Dorma á
heimasíðu okkar
www.dorma.isHoltagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafjörð

DORMA

Láttu drauminn rættast



STÓRSVEIT
REYKJAVÍKUR
KYNNIR:

GULLÖLD SVEIPLUNNAR

NÝÁRSTÓNLEIKAR Í ELDBORG

5. JANÚAR KL. 20.00



Björgvin Franz Gíslason



KK



Stína Ágústsdóttir



Sigurður Flosason

STJÓRNANDI & KYNNIR:
Sigurður Flosason



BAKÞANKAR

Guðmundar
Brynjólfssonar



Hugheilar


Fátt er leiðinlegra en mæðarlegar raddir sem kreista upp úr sér jólakveðjur. Fólk sem les með ágætum árið um kring fær einhvern „halda í sér“ blæ í röddina þegar það les jólakveðjur í Ríkisútvarpinu. Kveðjur sem hafa níst sál mína og hlustir frá því í frumbersku. Allar þessar hugheilu skeytasendingar sem er skotið ýmist nær eða fjær, allar þessar nafnarunur sem segja manni ekki neitt nema að manna-nafnanefnd hefur gert gagn, allt þetta „þökkum samverustundir á ættarmótinu í Handraða“.

Ekkert um heitingar, formælingar og móðganir, ekki orð um djöfulganginn sem varð út af arfinum „nær og fjær“ þegar Randver á Dalvík dó, ekkert um framhjá-haldið og fylliríð á ættarmótinu í Handraða. Þögn um illskuna á milli systranna, þá staðreynd að Diddi fékk sýfilis í Póllandi þegar skipið fór í lengingu og auðvitað djúpstæð þögn um að bæði börnin eru nú komin í neyslu.

Ég veit vel að sumum þykja þetta þægilegar stundir og dásamlegt að hlusta á þessi ósköp á meðan jólatréð er skreytt eða hangikjötíð sodið, langúldinn kroppurinn kalónaður eða síbilandi jólaseríunum bölváð. Ég gef skit í alla slíka tilfinningasemi og slæst, þær klukkustundir sem þessi sýblja stendur yfir, í lið með öllum þeim afturfótafiðrildum nær og fjær sem vilja leggja niður Ríkisútvarpið. Úr því fólk hefur ekki döngun í sér til þess að senda jólakort, keypt af: Sólskrikju-sjóðnum, Krabbameinsfélaginu, Samherja eða Mæðrastyrksnefnd, þá getur það bara hringt í þetta lið sem það vanrækir 362 til 364 daga á ári (fer eftir þátttöku á ættarmótum) og andskotast til að óska því gleðilegra jóla!

Gleðileg jól!

Allt í pakkann hjá Nova!




0 kr. net, tal og sms.

Samsung
Galaxy A20e 32 GB

29.990 kr. stgr.

2 skautamiðar fylgja öllum Samsung sínum




Kaupauki!

0 kr. net, tal og sms.

Samsung
Galaxy S10 128 GB

129.990 kr. stgr.

2 skautamiðar fylgja öllum Samsung sínum



0 kr. net, tal og sms.

Apple
iPhone 11 64 GB

129.990 kr. stgr.



Nova
BÍOKORT 5 skipti

4.690 kr. stgr.



10% afsláttur

Apple
AirPods 2019

22.491 kr. stgr.

Fullt verð: 24.990 kr.



Apple
AirPods Pro

44.990 kr. stgr.



Xiaomi
Mi band 4

9.990 kr. stgr.



Apple
Watch Series 5 40 mm

74.990 kr. stgr.

44 mm: 79.990 kr.



Rafmagnað tilboð!

20% afsláttur

Xiaomi
Rafskúta

55.192 kr. stgr.

Fullt verð: 68.990 kr.

Besti dillinn hjá Nova! | ∞ Notkun fylgir! | 📦 Skilað og skipt! | 📱 Afsláttur af aukahlutum! | 🔄 Endurgæddu!

Verlanir Nova eru í Krínglunni, Smáralind, Lág múla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
þjónustuver 519 1919 | www.nova.is

Stærsti skemmtistaður i heimi!

Kvikk
ON THE GO

ORKAN